



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Hin sanna boðun sæla

Samanburður á útlaggingum út af „réttlætingu af trú“

Kjörsviðsritgerð

Oddur Bjarni Þorkelsson

Maí 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Guðfræði

Hin sanna boðun sæla

Samanburður á útlekkingum út af „réttlætingu af trú“

Kjörsviðsritgerð

Oddur Bjarni Þorkelsson

Kt.: 101071-3839

Einar Sigurbjörnsson

Mái 2013

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1. Marteinn Lúther.....	5
2.1 Guðfræði Lúthers og gagnrýni á kirkjuna.....	5
2.2 Réttlæting af trú.....	7
2. Aðferðafræði.....	13
2.1. Stutt ágríp forsögunnar.....	13
2.2. Áhrifasagan - tilurð.....	14
2.3. Áhrifasagan - framvinda.....	15
2.4. Grunnur aðferðafræði Ulrich Luz.....	16
2.5. Tveir sannleiksmælikvarðar Luz.....	17
3. Predikarar og útlekkingar.....	18
3.1 Jón Þorkelsson Vídalín.....	19
3.2 Helgi G. Thordersen.....	21
3.3 Pétur Pétursson.....	23
3.4 Jón Bjarnason.....	25
3.5 Jón Helgason.....	26
3.6 Friðrik Friðriksson.....	28
3.7 Magnús Runólfsson.....	29
3.8 Sigurbjörn Einarsson.....	30
3.9 Bolli Gústavsson.....	31
3.10 Guðbjörg Jóhannesdóttir.....	32
4. Syntesa.....	33
5. Samantekt.....	38
Heimildir.....	41

Inngangur

Í hinum sívaxandi safnhaug hvers kyns orðræðu sem hellist yfir nútímamanninn, fyrir tilstilli alls konar miðla, er örðugt að greina hismi frá höfrum. Æði margt sem er annað hvort fest á prent, ellegar flýtur rafrænt allt í kringum okkur, hefur ekki verið vel ígrundað og mögulega betur verið geymt í hugarfylgsnum þess sem ritaði. Það er því ákveðin hvíld og nautn sem felst í að rýna ögn í rit sem staðist hafa tímans tönn og gott betur. Rit sem hafa verið mönnum innblástur og opinberun, rit sem hafa haldið áfram að hafa áhrif í gegnum túlkun kynslóða.

Rómverjabréfið er óumdeilanlega eitt slíkra rita og áhrifa þess ætti að gæta, ekki hvað síst hjá okkur sem erum mótmælendatrúar, því þetta bréf Páls var grundvallandi fyrir Marteín Lúther á sínum tíma, eins og verður farið nánar á komandi síðum. Páll setur fram æði margþætta og magnaða guðfræði í hinu tæplega tvö þúsund ára gamla bréfi, en undirritaður hyggst beina sjónum sínum að túlkun Lúthers á orðum Páls um *réttlættingu af trú*, sem birtast í Rómverjabréfinu 5. kafla versum 1-5¹. Sú skoðun er í raun grundvöllur ritgerðarinnar og færir fram eitt tækið sem brugðið verður á texta meginmálsins. Hvatinn er sá að grennslast fyrir um með hvernig kenningin um *réttlættingu af trú* hefur verið túlkuð og boðuð okkur, sem játum trú á Jesú Krist og tilheyrum hinni íslensku Þjóðkirkju. Verður fyrsti hluti ritgerðarinnar helgaður Lúther og áður nefndri kenningu hans.

Annar hlutinn er aðferðafræðikaflinn, en stuðst verður við aðferðir Ulrichs Luz og er óþarfi að fjölyrða um það hér í inngangi. Þó skal á það bent að tækin sem verður beitt á hið eiginlega meginmál ritgerðarinnar koma annars vegar úr verkfæratösku Luz, og hins vegar frá Lúther sjálfum.

Þá er komið að meginmálinu. Undirritaður hefur haft upp á predikunum sem leggja út af guðspjallstexta 11. sunnudags eftir þrenningarhátíð sem er úr Lúkasarguðspjalli 18.

¹ Í Biblíunni sem útgefin var árið 2007 hljóðar þýðing þessara versa svo: „Réttlætt af trú höfum við því frið við Guð sakir Drottins vors Jesú Krists. Hann hefur veitt okkur aðgang að þeirri náð sem við lifum í og við fögnum í voninni um dýrð Guðs. En ekki aðeins það: Við fögnum líka í þrengingum þar eð við vitum að þrengingin veitir þolgæði en þolgæði gerir mann fullreyndan og fullreyndur á vonina. Og vonin bregst okkur ekki. Því að kærleikur Guðs hefur streymt inn í hjörtu okkar með heilögum anda sem okkur er gefinn.“

kafla, nánar tiltekið vers 9-14.² Þar segir Jesús dæmisögu sem áður nefnd kenning um réttlætningu af trú, hefur síðar meir verið spyrð við og útlekkingarnar litaðar af því.

Predikanirnar eru tíu alls og spanna tímenn allt frá Jóni Þorkelssyni Vídalín (1666-1720) og fram til ársins 2002 og er sú predikun sem er næst okkur í tíma, rituð af Guðbjörgu Jóhannesdóttur, núverandi formanni prestafélagsins og sóknarpresti Langholtskirkju. Þannig er rétt um 300 ára munur á yngstu og elstu útlekkingu guðspjallsins. En þar sem engin regla er án undantekninga, þá eru átta þeirra lagðar út af Lúk. 18:9-14. Hinar tvær leggja út af Róm. 5:1-5. Orsök þessa er sú að það reyndist sérlega örðugt að finna nægilega margar predikanir frá 11. sunnudegi eftir þrenningarhátíð og fremur en að setta sig við gap í tímalínunni, þá var gripið til þessa bragðs. Það reyndist happafengur að sönnu, því að sínu færri predikanir er að finna sem lagðar eru út af Rómverjabréfinu, svo það er nokkuð merkilegt að upp úr kafinu kæmu þó þessar tvær sem fyllt gátu í skarðið. Kýs undirritaður að líta svo á að hér sé um guðlega forsjá að ræða.

Áhersluatriði hverrar predikunar fyrir sig verða dregin fram og haldið til haga, safnað saman svo að bregða megi á þær hinu aðferðafræðilega málbandi, sem verður einmitt gert í fjórða hluta ritgerðarinnar. Að lokum er samantekt og ályktanir dregnar af fjórða hluta. Þar heyrir kannski skýrast rödd ritara.

Tilgangur aðferðar Luz er að draga fram hina sönnu útlekkingu orðsins. Eða öllu heldur, hver mögulega teldist sönnust í samanburði. Örðugt gæti reynst að kveða upp úr með eina endanlega niðurstöðu og er þar ýmislegt sem veldur. Skilgreining á því hvað er kærleikur, er túlkunaratriði að nokkru leyti. Áhrifasagan er síðan hreyfanleg. Ótölulegur fjöldi útlekkinga er geymdur í gímaldi tímans og margar eiga eftir að bætast við. En vonandi verður þó áhugavert að sjá hvernig þessari kenningu hefur verið miðlað til okkar í gegnum aldirnar, svo að hún hafi mátt leggja okkur lið, hvort heldur í okkar daglega eða trúarlega lífi. Sömu leiðis hvort útlekkingarnar hafi ríghaldið í uppruna sinn eða algerlega fjarlægst hann.

² Þessi vers úr Lúkasarguðspjalli eru svo þýdd í Biblíunni frá 2007: „Jesús sagði líka dæmisögu þessa við nokkra þá er treystu því að sjálfir væru þeir réttlátir en fyrirlitu aðra: Tveir menn fóru upp í helgidóminn að biðjast fyrir. Annar var farísei, hinn tollheimtumaður. Faríseinn sté fram og baðst þannig fyrir: Guð, ég þakka þér að ég er ekki eins og aðrir menn, ræningjar, ranglátir, hórkarlar eða þá eins og þessi tollheimtumaður. Ég fasta tvisvar í viku og geld tíund af öllu sem ég eignast. En tollheimtumaðurinn stóð langt frá og vildi ekki einu sinni hefja augu sín til himins heldur barði sér á brjóst og sagði: Guð, vertu mér syndugum líknsamur! Ég segi yður: tollheimtumaðurinn fór heim til sín sáttur við Guð, hinn ekki, því að hver sem upp hefur sjálfan sig mun auðmýktur verða, en sá sem lítillækkar sjálfan sig mun upp hafinn verða.“

1. Marteinn Lúther

Ávöxtur trúarinnar verka eru friður, fögnuður og ástsemd til Guðs og hvers manns. Því sjáum við að trúan réttlætir án allra verka.³

1.1 Guðfræði Lúthers og gagnrýni á kirkjuna

Á sextánda öldinni vakti ekki fyrir Marteini Lúther og siðbótarmönnum hans að stofna nýja kirkju eða umbylta kirkjuskilningnum, öðru nær. Aðalatriðið var að boða þann hjálpræðisskilning sem kenningin um réttlætingu af trú hafði í för með sér. Þessi köllun Lúthers var alfarið sú, að ráða bót á því sem hann áttaði sig á að hafði misfarist innan kirkjunnar á löngum tíma. Niðurstöður hans í þeim efnum ollu hins vegar slíkum deilum og umróti að hann var tilneyddur að verja þær.

Gagnrýni Lúthers laut ekki beint að kirkjunni sem stofnun, heldur fremur að stöðu hennar gagnvart fagnaðarerindinu.⁴ Kirkjustjórnin og það skipulag sem hún hafði sett, taldi sig vera gæslumann hjálpræðisins og verndara kirkjunnar.⁵ Gryfjan sem Lúther áleit kirkjuna hafa fallið í, var sú að ytra skipulag og yfirbygging skyggði á það sem henni bar að gæta og embættið og kirkjan sjálf var sett yfir fagnaðarerindið. Mælikvarðinn er því ekki lengur hinn huggunarríki boðskapur, heldur stofnunin, og þá er fagnaðarerindið farið að þjóna stofnuninni. Jesús orðinn starfsmaður, en ekki leiðarljós. Lagasetning kirkjunnar hefur skyndilega guðlegt vald sem mönnum ber að hlýða í einu og öllu og hjálpræðið er bundið við kirkjuna sem stofnun, en ekki við fagnaðarerindið. Í stað fyrirgefningar og huggunar er sekt og hlýðni sett á oddinn og verkaréttlætningin er drifkrafturinn.

Lúther ætlaði sér aldrei að koma fram með eigin skoðun á guðfræði, eða hefja nokkra uppreisn, heldur vildi hann fyrst og fremst koma fram með hina kristnu og kirkjulegu kenningu og Lúther orðar það sjálfur svo:

Fyrir það fyrsta bið ég ykkur um að nota ekki nafn mitt og ekki kalla ykkur lútherska heldur kristna! Kenningin er ekki mín ... Páll leið það ekki að kristnir menn kenndu sig við Pétur eða Pál, hann vildi að þeir kölluðu sig

³ *Nýja Testamenti Odds Gottskálfssonar* 1988, Formáli Lúthers að Rómverjabréfinu, s. 312

⁴ Sigurjón Árni Eyjólfsson 2006, *Ríki og kirkja*. s. 30

⁵ Sama rit, s. 29

kristna ... Ég hvorki er né vil vera leiðtogi nokkurs, því að ég á með söfnuðinum hina einu sönnu kenningu Krists sem er okkar meistari.⁶

Að mati Lúthers er þriðja grein trúarjátningarinnar ein besta samantektin á boðskap ritningarinnar. Þar er kristnin skilgreind sem samfélag heilagra eða þeirra sem lifa í *trú, von og kærleika*, sem er einmitt einkenni kristninnar, sbr:

*Ein heilög kirkja mun ávallt vera til en kirkjan er söfnuður heilagra, þar sem fagnaðarerindið er kennt hreint og sakramentunum er veitt rétt þjónusta.*⁷

Þegar Lúther lýsir megineinkennum kirkjunnar og skilgreinir eðli hennar leggur hann ríkasta áherslu á að orðið heldur uppi kirkjunni. Hann vildi brúa gjána milli kirkju og manns og byggingarefnið í þá brú var orðið. Ritningin ein skyldi blíva. Í kirkjunni er boðað og þar eru sakramentin veitt og hún skal vera í samtali við samtíma sinn. Í þessu augnamiði vildi Lúther auka veg móðurmálsins í messugjörðinni. Prédikun og sálmar skyldu fluttir og sungnir á tungu kirkjugesta. Orti hann fjöldann allan af sálum sem skyldu fræða um hina réttu kenningu Krists og þá kom út árið 1534 heildarþýðing Lúthers á ritningunni. Var hún myndskreytt að hans undirlagi, til að færa textann enn nær lesendum.⁸

Lúther var mikilvirkur rithöfundur og í baráttu sinni skrifaði hann fjölda bóka og greina sem öll gegndu þeim eina tilgangi að koma á framfæri hinni réttu kenningu. Má þar nefna ritin *Til hins kristna aðals hinnar þýsku þjóðar*, *Hin Babyloníska herleiðing kirkjunnar* og *Um frelsi kristins manns*, sem öll komu út á einu ári, 1520.⁹ Í *Herleiðingunni* segir Lúther m.a.:

Ég hafði rétt fyrir mér er ég sagði að allt vald messunnar er fyrir og í orði Krists, og í því vitnar hann um að fyrirgefning syndanna er til handa öllum þeim sem trúá að líkami hans (Jesú) er gefinn og hans blóði úthellt þeirra vegna.¹⁰

Í desemberlok árið 1936 semur Lúther Smalkaldgreinarnar. Þar má finna umfjöllun um greinar þær sem guðfræðingar þyrftu að skilgreina, t.d. um lögmál, iðrun, synd, skriftir,

⁶ Sigurjón Árni Eyjólfsson 2000, *Guðfræði Marteins Lúthers* s. 32

⁷ Einar Sigurbjörnsson 1991, *Kirkjan játar* s. 188-9

⁸ Sigurjón Árni Eyjólfsson 2006, *Ríki og kirkja* s. 41

⁹ Tvö þessarar rita hafa verið þýdd á íslensku: *Til hins kristna aðals hinnar þýsku þjóðar* sem kom út árið 2012 í þýðingu Vilborgar Auðar Ísleifsdóttur, og *Um frelsi kristins manns*, útgefið 1967 og þýtt af Magnúsi Runólfssyni, sem einmitt á predikun sem skoðuð er í þessari ritgerð.

¹⁰ Martin Luther 1970, *Three Treaties* s. 78

skírn, kvöldmáltíð, prestsvígslu o.m.fl. Þá var og þar að finna samantekt um þrenninguna, Krist og hjálpræðisatburðinn, greinargerð um embætti Krists og endurlausn mannsins, þar sem allur þunginn lá á þeim boðskap að maðurinn öðlist fulla hlutdeild í verki Krists fyrir og í trú. Lúther ítrekar í þessum skrifum að ekki skuli víkja frá kenningunni um réttlætingu af trú, þó að himinn og jörð farist!¹¹ Sömuleiðis leggur hann áherslu á að réttlætingarkenning sé ekki ein af mörgum kenningum kristindómsins, heldur sú sem kirkjan standi og falli með. Honum var ljóst að þessi kenning verður aldrei skilin til fullnustu, heldur verður manneskjan að íhuga hana alla ævi, enda er í henni kjarni kristindómsins falinn.¹²

1.2 Réttlæting af trú

Aðdragandi alls þessa var barátta Lúthers við að haga lífi sínu svo að Guði væri þóknanlegt. En hann fann sjálfan sig fara halloka í þeirri baráttu, örvænting hans og sálarstríð andspænis syndinni var honum ofviða. Syndin og vald hennar var allt um lykjandi. Allt var flekkað af synd og hann upplifði mjög sterkt að hann sjálfur, Marteinn Lúther, var sekur frammi fyrir Guði, hversu mjög sem hann skrifaði.¹³ Það var ekki fyrr en að hann hóf að halda fyrirlestra um Sálmana og Pálsbréfin að breyting varð á og hann öðlaðist nýja sýn. Orð Páls um réttlætingu af trú urðu honum lykill. Lúther áttaði sig á að ekki væri um að ræða að maðurinn áynni sér réttlætinguna, heldur að Guð gæfi réttlætinguna. Enginn gæti verið réttlátur frammi fyrir Guði að eigin frumkvæði.¹⁴

Lúther áleit sum rit Biblíunnar betri en önnur til að undirbyggja þessa kenningu og í formála sem hann ritaði að Nýja testamentinu ræðir hann þá mælistiku sem beita má. Hún felst í að finna ákveðinn boðskap, þ.e. fagnaðarerindið. Og samkvæmt því er Lúther ritar í formála sínum að Nýja testamentinu þá er

... evangelium eigi annað, né vera kann, en ein predikan af Kristi, Guðs og Davíðs syni, sem er sannur Guð og mann, sá er fyrir oss hefur með sínum dauða og upprisun allra manna syndir, dauða og helvíti yfirstigið, þeirra sem á hann trúa, nú þó að evangelium kunnir að vera stutt eður löng orðræða, eða kunnir einn að skrifa langort, en annar fáort.¹⁵

¹¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson 2000, *Guðfræði Marteins Lúthers* s. 38-39

¹² Sama rit, s. 405

¹³ Magnús Jónsson 1946, *Saga kristinnar kirkju* s. 292-193

¹⁴ Sama rit, s. 252-253

¹⁵ *Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar*, 1988 Formáli Lúthers að Nýja testamentinu, s. 7

Lúther tiltekur einn og annan ritningarstað máli sínu til stuðnings í áður nefndum formála. Vísar t.d. til Míka og Hósea, hjá þeim komi augljóslega fram að rétt eins og um einungis einn Krist sé að ræða, er aðeins eitt fagnaðarerindi. Þegar hann nú hefur borið á borð sitt mál ávarpar Lúther lesandann:

Af þessu öllu þá kannt þú (á meðal allra bóka) rétt að úrskurða og eina grein af að taka hverjar að bestur eru, því einkanlega eru Jóhannis evangelia og s. Páls pistlar (sérdeilis sá sem er til Rómverja og hinn fyrri Péturs pistill) réttur kjarni og takmark á meðal allra annarra bóka hverjar með réttu ættu fyrstar að standa.

Og hvers vegna eru þær öðrum bókum fremri?

Því að í þeim finnur þú eigi mörg verk né jarteiknagjörðir Krists upp skráðar, heldur finnur þú í þeim næsta meistaralegana útbreitt það að trúa á Kristum yfirvinni synd, dauða og helvíti og gefi oss líf, réttlæti og farsæld, hver að er hin sanna art Guðs evangelia ... Því að verkin stoða eigi en hans orð gefa mér eilíft líf...¹⁶

Lúther leggur ekki nokkra áherslu á leitina að hinum sögulega Jesú, eins og það var síðar kallað. Orðið, erindi Krists við manninn er það sem öllu skiptir og þar af leiðandi skal að því spyrja hvort að rit efli Krist, því ef svo er ekki þá er viðkomandi rit ekki postullet, hver sem telst höfundur þess. Innihald umfram ytra byrði.¹⁷ Sömuleiðis hampar Lúther þeim ritum sem hann segir fjalla öðrum betur um réttlætingu af trú. Segir hann Postulasöguna þar fremsta í flokki, Jóhannesarguðspjall og Rómverjabréfið.

Í inngangi sínum að Rómverjabréfinu ítrekar Lúther að þessi pistill Páls innihaldi réttan kjarna og megininntak Nýja testamentisins og ráðleggur hverjum kristnum manni að læra það utanbókar og þar með sé viðkomandi kominn með andlega næringu alla sína lífdaga. Lúther mælir gegn verkaréttlætingu og segir að manneskjan eigi ekki að skilja lögmálið líkamlegum skilningi, þ.e. að lögmálið sé lærdómur sem boði ákveðin verk.

Því ef við framfylgjum lögmáli án hjartans góðfýsi þá minnumst þess að Guð dæmir eftir hjartans grunni. Ef hjartað fylgir ekki, erum við hræsnarar og lygarar. Enginn getur heldur af hjartans góða grunni Guðs lögmál, finni sá sami lysting til hins vonða. Eingöngu sá sem er uppfyllingarmaður lögmálsins (af hjarta gjörð, en ekki verka vegna) er réttlátur fyrir Guði, því

¹⁶ *Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar*, 1988 Formáli Lúthers að Nýja testamentinu, s. 9

¹⁷ Árni Svanur Daníelsson 2000, *Formálar Marteins Lúthers* s. 31

hann vill ekki að nokkur sá af hálfu verka sinna sé uppfyllingarmaður lögmálsins.¹⁸

Lögmálið er nefninlega andlegt og því fullnægir enginn með verkum nema þau verk séu sprottin af hjartans grunni. Slíkur frjálslægur kærleiki er gjöf heilags anda í mannsins hjarta. Þess vegna verður enginn fyrir lögmálsins verk réttlátur fyrir Guði. Og heilagur andi, verður ekki að heldur gefinn nema aðeins fyrir þá trú á Jesú Krist sem Páll útskýrir. Sú trú veitist aðeins fyrir Guðs orð og það fagnaðarerindi sem Kristur predikar; að hann sé sonur Guðs og maður, hafi liðið þjón og dauða og sé upprisinn aftur, vegna okkar.¹⁹

Lúter spyrðir saman kenninguna um réttlætninguna sem og kenninguna um Krist, og getur því fullyrt að báðar séu þær trúargreinar sem kirkjan standi og falli með. Í hans augum eru þær samofnar og Lúther segir að réttlætning af trú sé ekkert annað en rétt trú á Krist. Ekki sé undir nokkrum kringumstæðum mögulegt að losa þessar tvær kenningar úr tengslum hvora við aðra. Þannig sé um að ræða órjúfanlegan hring; Kristur sé bæði forsenda réttlætningarinnar og sá sem viðheldur henni. Heilagur andi helgar manninn og sú helgun hefur Krist að forsendu, og sú helgun er ævarandi réttlætning. Allt starf mannsins miðast við persónu og verk Krists.²⁰ Af öllu má því draga að trúin sé það eina sem réttlætir og lögmálið uppfyllir því, að trúin laðar að sér heilagan anda fyrir verðskuldan Jesú Krists.

Allt starf. Hvað gerum við þá? Hver skal okkar hegðan vera? Það er sjálfsagt að spyrja því eins og áður hefur komið fram var aðdragandi allra þanka Lúthers ótti hans við syndina sem lævís lá í hverju horni. Við þessu er augljóst og einfalt svar. Lúther hvetur allar manneskjur að líta til bænarinnar.

Bið að Guð efli í þér trú rétta. Þvílík trú er réttlætið og kallast Guðs réttlæti, eða það sem fyrir Guði gildir svo, því það er Guðs gáfa og gerir manninn þannig að hann gerir hverjum og einum sem skyldi.

Þannig má öðlast og viðhalda hinu rétta líferni og réttri stöðu mannsins.

Því að fyrir rétta trú veitist manninum að hann kvittast frá syndum og fær löngun til boðorða Guðs og ganga slíkan stíg. En náunganum þjónar hann í

¹⁸ Formáli Lúthers að Rómverjabréfinu, *Nýja testamenti Odds* 1988, s. 302-303

¹⁹ Sama rit, s. 305

²⁰ Sigurjón Árni Eyjólfsson 2000, *Guðfræði Lúthers* s. 405

öllu því sem hann getur og geldur svo hverjum manni með því. Enginn getur sjálfum sér rétta trú gefið, og enginn maður getur vantrúna í burtu tekið.²¹

Biðjum fyrir breyskum, felum þá Guði á hendur, styðjum fátæka og styrkjum. Við skulum hegða okkur, hvort sem menn teljast frómir eða brotlegir, styrkir í trú eða breyskir, vinir ellegar óvinir. Það er allt sem hægt er að gera. Því eins og Sigurjón Árni orðar það ágætlega, þá er maðurinn óvirkur í þessu ferli, í þeim skilningi að hann er þiggjandi. Gjörðin er Guðs, það er Guð sem úthlutar réttlætningunni.²² Maðurinn er aðeins virkur í réttlæti þessa heims, þ.e. í framfylgni við boðorð og landslög. Hér má kenna skiptingu Lúthers í lögmál og fagnaðarerindi.

Að lokum er rétt að sinna ögn því sem áður hefur verið á drepið. Nefninlega því að Lúther lagði áherslu á móðurmálið og að koma hinni réttu kenningu á framfæri með heitri predikun og helgum söng. Enda var honum það í lófa lagið, verandi ákaflega hagamæltur, ágætur söngmaður sem og frambærilegur lútuleikari með gott tóneyra og nef fyrir tónsmíðum.²³ Sjálfur sagði hann um yrkingu sálma að slíkt skyldi gerast þannig að guðspjall Jesú Krists, sem fyrir náð Guðs er nú gert heyrinkunnugt, megi á flug takast og útbreiðast meðal manna. Og þá orðaði Lúther það svo í bréfi til Spalatínusar:

Það er ætlun vor að fylgja fordæmi spámanna og kirkjufæðra og yrkja sálma á móðurmáli handa alþýðu manna – þ.e. andlega söngva til þess að Orð Guðs megi vara við meðal fólks líka í söng.²⁴

Hér á Íslandi gaf Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup út sálmaabók 1589 og er það fyrsta eiginlega útgáfa sálmaabókar, stundum nefnd Hólabók, en hét í raun „Ein ný psalmaabók“. Meðal efnis í henni voru sálmar um höfuðgreinar kristinnar trúar, þ.e. um persónu og embætti Krists, um trúna, um iðrun og yfirbót, um kirkjuna, kristilegt lífverni ofl.²⁵ Í þeirri bók er að finna formála ritaðan af Marteini Lúther, aukinheldur sem margir sálma eru þýðingar á sálum Lúthers. Auðvitað var það ekkert nýnæmi né einskær uppáfinning Lúthers að gera messuformið aðgengilegt. Hann gerði sér vel grein fyrir því að það hafði jú verið vilji til þess allt frá fyrstu dögum kristinnar.

²¹ Formáli Lúthers að Rómverjabréfinu, *Nýja testamenti Odds* 1988, s. 308

²² Sigurjón Árni Eyjólfsson 2000, *Guðfræði Marteins Lúthers* s. 416-417

²³ Frank C. Senn 1997, *Christian Liturgy, Catholic and Evangelical* s. 285 Fortress Press Minneapolis

²⁴ Einar Sigurbjörnsson 2012, *Embættisgjörð 2. útg.* s. 217

²⁵ Einar Sigurbjörnsson 2000, *Kristni á Íslandi III: Frá siðaskiptum til upplýsingar* s. 68

Að andlegra vísna saungur sie goodur og gude þægelegur, ætla ég eingum christnum óvitanlegt; því að af dæmum spámanna og konga í gamla testamentu sem með saung og soon með psalmum og alls háttuðu streingia hliode hafa guð lofað, vita aller, so og einnenn hefur soddann sidvenia í christninne frá upphafe vered.²⁶

Ekki er Lúter mjög dreissugur í formála sínum, þar sem hann biður fróma og kristna menn að láta sér vel líka þetta og ef Guð gefur, styrkjast og eflast af þessu. Þá finnst honum veröldin gleyskufull í upptyptingum á ungdómnum og uppfræðslu, en vonar að sálmarnir megi þar úr bæta.²⁷ Í hlutanum *Um Guðs orð og trúna*, má þetta finna:

Markús þar næst af mætti þeim
mjög glögggt upptelur annar
dásendarverk sem veitte heim
vor drottinn þar með sannar
efunarlaust – að trúin traust
ein gjörði oss riettláta.....²⁸

Hver á hann ekki trúði, er nú fordæmdur víst
náð Guð frá honum flúði, frelsa hann verkin síst
Góðverk eru þau alleina, auðsýnir trúin klár
sem kristnum so vill þéna, sem í Mattheu stár.²⁹

Heims gots og skart, heiður og snilld; hrapar og ei við stendur.
Eins dettur snart, dygð verk og villd, sem dikta manna hendur.
Ei annað neitt – enn orðið itt, æfinlega skal blífa,
hver trú á þeim, hefur í heim, hann skal án enda lifa.^{30/31}

²⁶ Guðbrandur Þorláksson 1751 (1. útg. 1589) *Psalmabok Islensk með mörgum andligum christeligum lofsaungvum og vjsum* s. 3

²⁷ Sama rit. s. 4

²⁸ Sama rit, s. 368

²⁹ Guðbrandur Þorláksson 1751, *Psalmabok* s. 372

³⁰ Sama rit, s. 374

³¹ Eins og sjá má er mikið gripið upp úr þeim þýðingum sem gerðar voru á sínum tíma á formálum Lúters. Þessir formálar hafa eflaust reynst fjársjóður þeim sem vildu kynna sér ræðu Lúters eins ómengaða og hægt var. Til viðbótar formálanum má nefna ákaflega merkilega minningargrein eftir Hallgrím Pétursson, sem hann nefnir burtfararræðu, og er um Árna Oddsson. Stór hluti þeirrar greinar er hrein trúfræði og útlistun á réttlætningarkenningunni. Þar tilgreinir Hallgrímur þrenns konar réttlæti: *Justitia affectata*, *justitia imputata* og *justitia inchoata*. Sú fyrsta er þeirrar tegundar sem maðurinn telur sig öðlast af eigin verkum. Réttlæti fariseans. *Imputata* er tilreiknað og skenkt af einskærri náð og miskunnsemi Guðs fyrir Jesú Krist. Það réttlæti getur af sér hið þriðja, sem er nýhafid réttlæti. Slíkt auglýsir sig hið ytra í góðum kærleiksins verkum við náungann. Sjá Magnús Jónsson 1947, *Hallgrímur Pétursson, æfi hans og starf* s. 255-256

Lúther greinir réttlættingarhugtakið á tvo vegu; hinn óvirki réttlættingarskilningur og hinn virki. Hið virka réttlæti sem er okkar eigið er í raun hið veraldlega réttlæti, sú hegðun sem er í samræmi við lögmál og boðorð. Það er það réttlæti sem ríkja skal í heiminum. Lúther var áfram um slíkt, en mótmælti því að slíkt réttlæti hefði nokkuð með samband mannsins við Guð að gera, eins og var almenn skoðun, bæði meðal almennings og kirkju og afleiðing þeirrar skoðunar var verkaréttlættingin. Hinn óvirki réttlættingarskilningur er hins vegar sá að réttlættingin er verk Guðs til handa manninum, Guð er gerandi og maðurinn viðtakandi. Því er maðurinn í raun óvirkur. Þar gerir maðurinn ekkert annað en að trúá aðeins því að Kristur sé farinn til föðurins og er sá sem er orðinn okkur vísdómur frá Guði, réttlæti, helgun og endurlausn.³²

2. Aðferðafræðin

2.1 Stutt ágríp forsögunnar

Ekki skal rakin þróunarsaga ritskýringar og túlkunarfræða í hörgul, en þó er nauðsyn að tæpa á nokkrum hlutum. Margt vatn hefur runnið í haf ritskýringar frá því að hin fjórfalda túlkunarleið var álitin leiðin eina í upphafi vega. Í nær tvær aldir var túlkun á ritum Nýja testamentisins að miklu leyti í formi sögurýni, en sú aðferðafræði nánast einokaði þetta tiltekna fræðasvið.³³ Sögurýnin skópst í kjölfar upplýsingarinnar og hvíllir á grunni sannfæringar þeirrar stefnu að merking textans náist fram með því að negla eins nákvæmlega og hægt er allar sögulegar aðstæður tilurðar textans. Í þessu fólst ákaflega mikil bjartsýni, sem sjá má í orðum Leopolds von Ranke, en hann sagði að markmiðið með sagnfræðilegri rannsókn væri að greina frá liðnum atburðum eins og þeir gerðust raunverulega.³⁴ Augljóslega er það ekki hægt, eins og menn komust að með tíð og tíma.

Þegar líða tók á 20. öldina fóru æ fleiri fræðimenn að efast um möguleikann á því að komast að „merkingunni“ í textanum, þess þá heldur að átta sig á þeirri merkingu sem textaritari hafði upphaflega í huga. Túlkunarkenningar í dag hallast í auknum mæli að heildarskilningi á fortíðinni, sem taka til manns eigin sjóndeildarhrings og tilvistar. Sem

³² Sigurjón Árni Eyjólfsson 2000, *Guðfræði Marteins Lúthers* s. 416-417

³³ Brendan Byrne 1996, *Sacra Pagina Vol. 6 – Romans* s. 1-2

³⁴ Haraldur Hreinsson 2012, „Orðræða um áhrifasögu: Rannsóknarsögulegt ágríp.“ *Mótun menningar, afmælisrit Gunnlaugs A. Jónssonar.* s. 184 (ritstj. Kristinn Ólason, Ólafur Egilsson og Stefán Einar Stefánsson)

er einmitt andstæðan við sögurýni ritskýringuna, sem er ásökuð um að vera svo heltekin af smáatriðum að í æði sínu gagnvart skilningi á einstaka orðum og hugtökum, sjái hún ekki lengur heildarmyndina – sjái ekki lengur skóginn fyrir trjám, ef svo má segja.³⁵

Smám saman spretta sífelld ný grös í garði túlkunarfræða og margvíslegar aðferðir hafa skotið upp kolli sem hafa fært okkur nýja vinkla á textana, svo sífelld fjölgar fróðleiksmolunum á hlaðborðinu. Þessum aðferðum skal ekki gefinn gaumur hér, nema einni; áhrifasögunni, *Wirkungsgeschichte*.

2.2 Áhrifasagan – tilurð

Einn áður nefndra gagnrýnenda sögurýnnar var þýski heimspekingurinn Martin Heidegger. Áhrifa hans skrifa átti eftir að gæta víða, til að mynda fannst mörgum guðfræðingum að skilgreiningar hans og Lúthers væru áþekkar hvað varðaði aðgreiningu lögmáls og fagnaðarerindis.³⁶ Hér verður þó aðeins tiltekið það sem lagði grunninn fyrir hið eiginlega áhrifasöguhugtak.

Heidegger komst að þeirri niðurstöðu að manneskjan sé ófær um að hefja sig upp yfir samhengi sitt, hún er ekki til í tómarúmi og er því ævinlega lituð af sínu umhverfi, uppeldi, menningu o.s.frv. Tungumálið er tækið sem gerir mannum kleift að koma orðum að veruleika sínum. Maðurinn greinir tilveru sína og orðar hana, orðið vekur hlustun mannsins, en um leið er orðið ævinlega misskilið að hluta. Það getur vakið spurningar sem kalla eftir nýrri túlkun, sem aftur er færð í orð.³⁷ Skilningur og túlkun er aldrei án þess sem er fyrirfram gefið, þ.e. slík vinnsla stendur á grundvelli áður nefndra forsendna og aðstæðna einstaklingsins.

Ofan á þessu styrka svelli Heideggers skautar Hans-Georg Gadamer, sem kalla má upphafsmann áhrifasögukenningarinnar. Í samræmi við sinn áhrifavald segir Gadamer okkur ævinlega staðsett innan hefða, sem eru hluti af okkur. Manneskjan kemst ekki frá eigin fordómum og sögulega samhengi sem móta og ákvarða veru hennar og skilning á heiminum. Túlkun á ekki að snúast um að slíta sig frá sínu eigin samhengi, heldur einmitt að þekkja það, vera meðvitaður um það. Sagan tilheyrir ekki okkur, við tilheyrum henni.³⁸ Í þessari meðvitund felst að við eigum ekki að yfirstíga tímamuninn, heldur að átta okkur á gildi sögunnar. Að lesandinn, túlkandinn átti sig á að hann er

³⁵ Ulrich Luz 2005, *Studies in Matthew* s. 263-289

³⁶ Sigurjón Árni Eyjólfsson 2004, *Kristin Siðfræði í Sögu og Samtíð* s. 103

³⁷ Sama rit, s. 105

³⁸ Haraldur Hreinsson 2012, „Orðræða um áhrifasögu“ s. 189

hluti af sömu sögu og textinn sjálfur. Í tímans rás mun tiltekinn texti kalla fram ólíkar birtingarmyndir eftir aðstæðum hverju sinni, hefur áhrif á lesandann. Það er áhrifasaga, *Wirkungsgeschichte*. Um þá sögu verður túlkandinn að vera meðvitaður og kallast slíkt áhrifasöguleg vitund, vitund um eigin túlkunaraðstæður.³⁹

2.3 Áhrifasagan – framvinda.

Það má segja að til hafi orðið tvær stefnur, þýskumælandi skólinn og sá enskumælandi, þó það sé einföldun á flóknu máli. T.d. er hugtakið giska á floti og skilgreiningar á hugtökum á borð við *reception history*, *reception theory*, *history of influence*, og fleirum, eru ekki einhlítar. Sum þessara hugtaka eru mismunandi tilraunir til þýðingar á *Wirkungsgeschichte*, en stundum aðgreina menn þau (hugtökin) með óljósum skilgreiningum, sem sannast sagna eru ekki mjög fastar í hendi þegar upp er staðið. Þó má geta þess að Nicholas King álitur *reception history* vísa til hlutverks lesandans í túlkun á textanum, en *Wirkungsgeschichte* vera það sem reynist felast í textanum og hefur tiltekin áhrif á lesandann.⁴⁰

Fulltrúar áðurnefndra skóla eru Ulrich Luz (þýska) og Christopher Rowland (enska). Rowland er ritsjóri BBC, Blackwell Bible Commentary Series, sem leitast við að setja *Wirkungsgeschichte* í forgrunn við skilning á Ritningunni. Rowland segir sjálfur það vera nauðsynlegt tæki til túlkunar, en ekki aðeins skreyting á ritskýringartertunni, eins og sumir álíti. Að þetta hugtak standi fyrir hvernig texta hefur verið tekið, hvaða áhrif hann hefur haft á móttakanda og hvernig þau áhrif skila sér, þ.e. hvernig viðkomandi færir áfram merkingu textans í orð, tóna eða aðra list. Mark Knight vitnar í grein sinni um *Wirkungsgeschichte* í orð Rowlands:

Ef maður fylgir Hans-Georg Gadamer, eru texti og túlkandi eins og samverkamenn í samtali, sem sýnir fram á (nýja) merkingu, fremur en það samtal sé afleiðsla einhverrar ætlaðrar upphaflegrar merkingar.⁴¹

Þetta verkefni, samtalið sem miðar að því að komast að hvað textinn fjallar raunverulega um, reynist listamönnum stundum auðveldara að færa í form, þegar viðkomandi hefur verið snortinn og það er aðgengilegra form en sögurýnin. Sú leið krefst þess að túlkunarhefðin, þ.m.t. nútíminn, sé virk þegar við lesum, hana þarf alltaf

³⁹ Haraldur Hreinsson 2012, „Orðræða um áhrifasögu“, s. 190

⁴⁰ Christopher Rowland 2006, „Wirkungsgeschichte: Central and Peripheral to Biblical Exegesis“ s. 10

⁴¹ Mark Knight 2010, „Wirkungsgeschichte, Reception History, Reception Theory“ s. 142

að taka með í reikninginn. Hún krefst þess að við myndum kærleikstengsl við textann og það þarf að eiga sér stað upplifun á þeim tengslum. Það er í samræmi við það sem Karl Barth sagði þegar hann bað okkur að tengjast textanum og bregðast við innihaldi hans í auðmýkt. Þannig má grynka bilið milli merkingar – og merkingar *fyrir*.⁴²

Kærleikstengslin og áherslan á skoðun á sögunni, viðtökunum, og raungeringu textans í miðlum, ásamt með ritskýringarritum⁴³ ríma við nálgun Luz. En á meðan að Rowland og félagar horfa eingöngu til áhrifasögunnar sjálfrar, gerir Luz raunverulega atlögu að mótun aðferðar sem byggist á helstu túlkunarfræðikenningum samtímans, og er sá fyrsti til þess.

2.4 Grunnur aðferðar Ulrich Luz

Vandamálið er, að mati Luz, ofuráhersla guðfræðinganna á upprunalega merkingu textans. Í framhaldi af þeirri eftirsókn hefur orðið mikil gjá milli ritskýringar á Biblíunni og predikunar út frá henni. Eftir upplýsinguna hafa þær haldið sína leiðina hvor, en fyrir þau tímamót voru þær nátengdar. Það er eitt af verkefnum Luz með sinni aðferðafræði að færa ritskýringu og útleggingu nær hvor annarri að nýju. Sögurýniskilningur á textanum einangrar hina upphaflegu merkingu frá nútíma ritskýringu, sem og frá allri ritskýringu sögunnar, með því að útiloka túlkun. Þess vegna getur sögurýnin ekki talað til okkar í dag, þar sem hún er ekki að ávarpa okkur, heldur upprunalega áheyrendur.⁴⁴

Takmark túlkunar er að vekja skilning sem gagntekur viðkomandi og finna beina skírskotun í lífi hans, fá viðkomandi til að breyta sögu í breytni í lifanda lífi. Tengslin milli þekkingar og lífs eru skýrt sett fram í Róm. 12:1-2. Því er skilningur á efni Nýja testamentisins óhjákvæmilega tengdur lífi okkar og sá skilningur, sem textar ritanna innan testamentisins vilja koma á framfæri, er spyrstur við trú.

Svo sögurýnin megi gagnast með réttu móti leggur Luz til eftirfarandi aðferð: 1) Athugun á upphaflegri merkingu textans með aðferðum sögurýni. 2) Túlkun á efni textans sem vísar til hugsunar talsmáta og aðstæðna áheyrandans eða lesandans í dag. 3) Skilningur á efni textans með reynslu eða gjörðum. Þessir hlutar túlkunar eiga saman og þannig á sögurýnin aðeins að vera hluti ritskýringar, að mati Luz.⁴⁵ Sem sagt:

⁴² Rowland 2006, *Wirkungsgeschichte* s. 7-11

⁴³ Þ.e. predikunum, sálmum, listum osfrv - og einnig gjörðum kirkjunnar.

⁴⁴ Luz 2005, *Studies in Matthew* s. 268-269

⁴⁵ Sama rit, s. 272-274

Biblútextar hafa ekki steinrunnin ákveðin skilaboð sem eru greytt í stein í eitt skipti fyrir öll. Merking þeirra stendur á ákveðnum grunni og bendir kannski til ákveðinnar áttar, sem opnar upp nýja túlkunarmöguleika. En hvað er þá sannleikur í túlkun? Hver er sannleikur textans? Nú nálgumst við raunverulega aðferð Luz.

2.5 Tveir sannleiksmælikvarðar Luz

Að túlka texta Nýja testamentisins er að endurlifa⁴⁶ sögu Jesú Krists. Í samræmi við það er hægt að finna mælikvarða viðeigandi túlkunar á tveimur tímaskiðum, annars vegar sögu Jesú Krists og hins vegar hvert það tímaskið sem seinni tíma endurupplifun verður á. Þegar mælikvarði sögu Jesú Krists er skoðaður býður guðfræðin upp á eftirfarandi: Annars vegar að sú saga er sannleiksmælikvarðinn á túlkun á biblútexta. Hins vegar hlýtur krítískur fókus ritskýringar að vera sjónarmið þess sem mælir tungu trúarinnar, þ.e. Jesú Krists, samanber: „Ég er vegurinn sannleikurinn og lífið“.⁴⁷ Mælikvarðinn er þá hvort túlkunin rímar við sögu Jesú Krists.

Á slíkri nálgun má þó finna ýmis vandkvæði.⁴⁸ Þegar við horfum til sögu Jesú sem sannleiksmælikvarða, hljótum við að líta á heildaráhrif gerða og orða Jesú á mannkyn og heiminn. Hún nýtist ekki sem einföld formúla sem er beitt eingöngu á einstakan atburð. Sagan, sem hver túlkun vísar í er því fremur sannleiksmælikvarði á grundvallandi hátt, fremur en hún greini satt frá ósönnu.

Hinn mælikvarði Luz er kærleikurinn. Hans kenning er sú að textar Nýja testamentisins séu ætlaðir til að leiðbeina okkur í kærleika Guðs, sem okkur er gefinn í Jesú Kristi. Það merkir að textar testamentisins og túlkanir eru sannar svo lengi sem þær miðla að kærleik.⁴⁹ *Kærleikur* sem sannleiksmælikvarði er ekki fræðilegur og óhlutbundinn, heldur sögulegur og hagnýtur. Mælikvarðinn getur efast um tilraunir til „rétrar“ túlkunar á ummælum Biblíunnar sem eru án vísana til samtímasögulegra aðstæðna. Sömuleiðis getur hann dregið í efa þá túlkun sem er eingöngu á akademísku eða kenningalegu plani, en tengist ekki hinu lifaða lífi.⁵⁰

⁴⁶ Þýðing á „re-actualizations“

⁴⁷ Slíkar yfirlýsingar eru í raun sögulegt tilbrigði við það sem að mótmælendatrúin hefur formúlerað sem „kanón innan kanónsins“. Má þar nefna dæmi sem er málinu svo sannarlega skylt: Réttlætning af trúnni einni. (s. 281 í sama riti)

⁴⁸ Sem dæmi má nefna kraftaverkafrásögunnar, að Jesú gekk á vatni o.s.frv.

⁴⁹ Luz 2005, *Studies in Matthew* s.284

⁵⁰ Sama rit, s.285

Kærleikurinn hefur einnig sínar takmarkanir. Það getur verið erfitt að sýna fram á hvað kærleikur er, eða var. Sömuleiðis ber ekki að líta á þetta sem endanlegan mælikverða, því að megintakmark textans er ekki hin mennska ást, heldur guðleg gjöf kærleikans sem getur af sér hegðan mannsins. Hafa skal í huga að skortur á mennskum kærleik, þarf ekki að afsanna Guð, en frá honum er allur kærleikur upprunninn.⁵¹

Þessir tveir mælikvarðar eiga að miða að því að finna samtalið, sameiginlegan flöt. Vísanir túlkana á guðspjalli til hinnar einu sögu Jesú og þeirrar staðreyndar að vegur sannleikans er vegur kærleikans og þannig vegur sameiningar, hjálpa okkur að þekkja og finna samtalið og kjarnann í biblútöxtum. Hina sönnu túlkun. Sú niðurstaða er hins vegar aldrei endanleg, heldur hreyfanleg með tímanum.

Þar með er þætti Luz lokið og þá eru mælikvarðarnir orðnir þrír. Auk þessara tveggja, höfum við þann í hendi sem við fundum í fyrsta hluta ritgerðarinnar: Eru útlekkingar predikara í samræmi við skilning og útlistun Marteins Lúthers á því sem felst í „réttlættingu af trú“.

3. Predikarar og útlekkingar

Eins og kom fram í inngangi ritgerðar, er textinn til útlekkingar úr Lúkasarguðspjalli, 18. kafla, vers 9-14. Fæðingarár predikara spanna allt frá 1666 til 1969, eða rétt um 300 ár. Því miður er ekki unnt að koma því svo fyrir að tími milli predikana sé útreiknaður með jöfnu millibili og má svo sem öllum ljóst vera, hvaða vandkvæði búa þar að baki. Lengst er bilið frá fyrsta predikara og til þess annars, þ.e. milli Jóns Vídalíns og Helga Thordersen, eða um hundrað ár. Slíkir eru örðugleikarnir að finna predikanir frá ýmsum tímabilum, hvað þá predikun frá réttum sunnudegi, að þarna reyndist ekki unnt að þetta tímasteið. Því mætti kannski segja að tímalegt frávík, sé í raun predikun Jóns Vídalíns. Það er þó of áhugavert að fá þennan stakstein frá siðbót fram til 1800, til að honum verði sleppt.

Predikurum verða gerð skil í réttri tímaröð, Jón Vídalín fyrstur og endað næst okkur í tíma.

⁵¹ Luz 2005, *Studies in Matthew* s. 289

3.1 Jón Þorkelsson Vídalín (1666-1720)

Fyrir það fyrsta sýnir Jón Vídalín að hann er ákaflega vel lesinn í sinni Biblíu og hefur vísanir og tengingar í önnur guðspjöll, pistla og lexíur, á reiðum höndum til stuðnings máli sínu. Jesaja, Lúkas, Matteus og Jóhannes, Filippí og Sálmannir koma þar mjög við sögu, en ekkert þó eins og Rómverjabréfið, en hann vitnar í 2. 3. 5. 8. 9. og 11. kafla. Oftsinnis í suma þeirra. Vissulega er við hæfi og eðlilegt, að vendilega sé útlekkingin fléttuð við Rómverjabréfið, þar eð þar kemur réttlætning af trú fyrst og helst fram sem guðfræði. Þá má benda á að kenningin um innblástur ritningarinnar skipaði mjög stóran sess í skrifum forvígismanna rétttrúnaðarins, en sterkir fulltrúar hans hér á landi voru t.a.m. Hallgrímur Pétursson og Jón Vídalín.⁵²

Eins og eðlilegt má teljast er útlekkingin tvíþætt hjá Jóni, annars vegar beinir hann kastljósinu að hegðan faríseans og fjallar sérstaklega um bæn hans. Hins vegar hvernig tollheimtumaðurinn biðst fyrir og rýnir í framkomu hans. Grípum niður í predikunina.

Vér viljum fyrst hugleiða farísearans bæn, af því hann þóttist vera maðurinn meiri, og hvað hann taldi sér til gildis fyrir Guði. Hann stóð út af fyrir sig. Þess var og öll von, að hann mundi vilja öðrum frásneiddur vera í þessu sem og öllu öðru. Hvernig baðst hann þá fyrir? Ég þakka þér, Guð, að ég em ekki eins og aðrir menn. Hvílkur var hann þá? Að vísu betri mörgum öðrum í útvortis lífernisháttum, en hið innra mörgum verri í Guðs augliti. Það sanna ég með orðum frelsarans er hann sagði (Matth.21): Tollheimtumenn og skækjur munu fyrr inn ganga í Guðs ríki en þér, því Jóhannes kom til yðar með veg réttlætisins og þér trúðuð honum ekki, en tollheimtumenn og skækjur trúðu honum ...⁵³

Vissulega kann að vera að faríseinn hafi ekki virst óréttvís í augum annarra, en hversu réttvísir voru þeir sem fordæmdu Guðs son, aflífuðu hertoga dýrðarinnar (Stefán píslarvottur) og vildu ráða Pál af dögum. Með sterkum rökum bendir Jón á að það sem kann að vera réttlætning og rétt þenkjandi í augum veraldlegra yfirvalda, er það ekki endilega í augum Guðs.

Ljóst megi vera að þrátt fyrir allt hið ytra líf faríseans og hversu mjög sem hann hrósaði sér af því, hafi hann ekki með sanni þekkt sinn Guð. Hann þekkti ekki að Guð

⁵² Sigurjón Árni Eyjólfsson 2000, *Guðfræði Marteins Lúthers* s. 51

⁵³ Jón Þorkelsson Vídalín 1995, *Vídalínspostilla* s. 591 (fyrsta útgáfa sumarpartsins kom út árið 1720, en þetta reynist vera 13. útgáfa þess hluta, samkvæmt formála að þessari útgáfu)

rannsakar hjartað.⁵⁴ Sömuleiðis hafi faríseinn ekki þekkt að Davíð segir að fyrir Guði sé enginn manna réttlátur, allir séu þeir affallnir, þar sé enginn sá sem gott gjöri, ekki einn.⁵⁵

Jón fer mikinn í því að faríseinn hafi mistúlkað allar beiðnir Drottins, hvort heldur varðandi föstur, tíund eða hvaðeina. Allt þetta sé svo sem ágætt og gott til síns brúks, en gagnist ekkert gagnvart Drottni, þar sem um útspekúleraða verkaléttlætingu hafi verið að ræða. Lagt inn á reikning Drottins og safnað innistæðu til að eiga fyrir náð hans og kannski rúmlega. Lösturinn, drambsemin og sjálfhælnin, spilli öllum kostunum. Niðurstaða Jóns af þessu athæfi faríseans er svohljóðandi:

Hafi faríseinn gjört öll sín góðverk ógild með hrósinu, þá viti þessir guðlausu menn, að þeirra fordæming er vís, nema þeir iðrist af hjarta og að iðranin verði þeim svo beizk sem áður var þeim syndin skemmtileg. Þykist nú nokkur vera sekur í þessu og vill það ofgjört hafa, hann læri sannan veg iðranarainnar af tollheimtumanninum og gangi hann, ef hann vill hólpinn verða.⁵⁶

Snúum okkur þá að tollheimtumanninum. Sá gekk ekki til bæna til að sýna sig og sjá aðra, heldur með iðrun í hjarta. Hann var vissulega tilheyrandi þeim hluta þjóðfélagshópsins sem var litið niður á, fyrirlitinn. En þangað hafði enginn dæmt hann, tókst hann ekki á það hlutverk sjálfviljugur? Hvað sem því líður, þá er það ætlan hans sem skiptir máli. Erindi hans var að biðjast fyrir, ekki eins og faríseinn, sem hrósaði sér í bæn, heldur ber tollheimtumaðurinn sér á brjóst...

... svo sem vildi hann það straffað hafa, sem mest hafði til unnið og mest klagði sína vonsku með slögum og biti samvizkunnar. Illa var varið þessum vesalingi í sjálfum sér, en Guð gæfi að vér sem betri þykjumst, að vér, segi ég, gengjum með sama hjartalagi í Guðs hús og sætum undir hans orða heyrn eins og hann.⁵⁷

Lítillátur, plagaður með samviskubit og iðran. En athugum að einmitt í kirkjunni, eða musterinu í þessu tilfelli, er sá fyrir Guðs augliti mestur sem minnstan telur sig, ef auðmýktin og iðranin er sönn, rétt eins og Jesús segir í textanum sem lagt er út af.

⁵⁴ Þetta er vísun Jóns í Sálm 7

⁵⁵ Þetta er vísun Jóns í Róm. 3

⁵⁶ Jón Vídalín, *Vídalínspostilla* s. 595

⁵⁷ Sama rit, s. 595

Hvaða lærdóm gætu kirkjugestir hafa dregið af þessari predikun Jóns? Að syndin er aldrei svo stór í sinni illsku, að Guð sé ekki meiri í elsku sinni. Um það vitnar Jón þegar hann segir:

Hvar sem syndin yfirgnæfir, þar yfirgnæfir þó náðin miklu framar. Kristur forlíkun fyrir allar veraldarinnar syndir því mun hann ekki og svo vera fyrir þínar, nema þú sér fyrir utan veröldina?⁵⁸

Mögulega hefur það talað ögn inn í aðstæður safnaðarins, bæði til fyrirmanna og undirmáls, að dæmisagan leggur ofuráherslu á að ekki sé alltaf allt sem sýnist. Viljinn til góðra verka skipti öllu og að þar búi að baki réttur ásetningur og hjartalag. Guð fari ekki í manngreinarálit og trú mannsins ekki að heldur. Það er öllum áskapað að mega trúa og trúa réttilega og sýna það, ekki aðeins mönnum, heldur og Guði. Því Guð sér í hjörtun. Niðurlag predikunarinnar og veganesti kirkjugesta hljómar svo:

Nú hafið þér heyrt af tollheimtumanninum hinn rétta veg afturhvarfsins frá vonskunni. Hver sem hann gengur, sá mun með honum réttlátur verða ... tollheimtumaðurinn sem játaði syndir sínar og afneitaði sínum verðugleik, en beiddi um miskunn, hann var réttlátur fyrir Guði með því réttlæti sem Pálus segir, að sé af trúnni og því var hann fram réttlátur, að hann hafði það réttlæti sem fyrir Guði gildi, en hinn fyrir mönnunum.⁵⁹

3.2 Helgi G. Thordersen (1794-1867)

Þessi predikun hefur líklegast verið flutt um eða fyrir miðja 19. öld. Helga verður mjög tíðrætt um það í hvaða augnamiði fólk tygi sig til messu. Með hvaða hugarfari það gangi í kirkjuhúsið og til hvers stundinni er varið. Og ef svo fer að fólk fari þaðan jafnharðan ófullnægt í anda, við hvern er þá að sakast? Kirkjunnar þjón? Eða kirkjugestinn sjálfan? Er ekki svo að mönnum bætist ekkert, ef þeim finnst þeir einskis við þurfa. Auðvitað ekki. Þess vegna er áhersla Helga á auðmýktina.

Við sjáum öll hvers vegna annar í guðspjallinu fór heim öllu bættari en hinn. Því að hann var auðmjúkur. Það var auðmýktin sem knúði hann til að játa synd sína. Og þessi auðmýkt er einnig í Krists ríki sú dyggð sem útheimtist til þess að vér getum orðið hluttakandi í þeim náðarvelgjörðum sem oss bjóðast í kirkjunni – og aldrei ættum vér að koma inn í helgidóm Drottins án

⁵⁸ Jón Vídalín, *Vídalínspostilla* s. 596. Hér vitnar Jón í Róm. 5. kafla.

⁵⁹ Sama rit, s. 597

lifandi viðurkenningar vors breyskleika, án játningar synda vorra, án þess að beygja vor kné fyrir honum er vor og alls holds dómari og strangur vandlætari við þá sem vanrækja. Vér ættum aldrei að staðnæmast í Guðs húsi án innilegustu tilfinningar veikleika vors!⁶⁰

Helgi bendir á að kirkjugestur ætti að upplifa allt á mjög yfirþyrmandi hátt, þegar hann kemur til kirkju. Allt bendir til hins hæsta, til þess fullkomna, til þess sem við eigum að keppa að. Í kirkju séum við búin að slíta okkur frá hversdeginum og þar sé eðlilegt að vakni tilfinning auðmýktar og vanmáttar.⁶¹

Helgi spyr þessu næst til hvers kirkjugestur mæti, ef ekki til að meðtaka Guðs orð? Draga sig úr glaumnum, kannski til að gleyma mæðum. Leita stuðnings, auðgast í þekkingu. Helgi vonar að undir niðri átti manneskjan sig á að hún sé komin til að fullvissa sig um náð Guðs, því manneskjan viti innst inni að án náðar getur maðurinn hvorki fundið hvíld né frið í sálu sinni. En þessi náð er einkum opinber í kirkjunni, segir predikarinn.⁶² Áfram heldur hann:

Og þó einn sé glaður og skorti ekkert, vel upplýstur, guðhræddur og vandaður, kemur hann engu að síður, því hann finnur að hann vantar alltaf eitthvað, sem hann verður að eiga við Guð en ekki mennina. Eitthvað sem hann verður að meðtaka eins og gjöf en getur ekki sjálfur sér veitt. Þessi tilfinning vanmáttar á að vera kröftug í okkur, svo öflug að hún beygi okkur til innilegustu auðmýktar fyrir Guði.⁶³

Þessi niðurstaða Helga, að náðin opinberist hinum trúaða aðallega í kirkjunni er áhugaverð. Áhugaverð í því tilliti að þrátt fyrir það að augljóslega ætti náðin að opinberast í gegnum fagnaðarerindið sem boðað er þar, má ráða af máli Helga að orsakasamhengið sé líklega það að í kirkjunni mæti hinum trúaða öll hin sjónræna áminning um mikilfengleik og stærð Guðs. Sjálft finnur þá sóknarbarnið til smæðar og auðmýktar og áttar sig á að þess æðstu dyggðir duga ekki til að lyfta því upp. Helgi er staðfastur í að þessi auðmýkt lærist traudla í hversdeginum, því það sem flesta brestur hvað mest er ekki það sem verður séð með augum, heldur það sem felst í góða hugarfarinu, í kærleikanum og trúnni. Hann dregur í raun upp skemmtilega mynd af lögmáli og fagnaðarerindi.

⁶⁰ Helgi G. Thordersen 1883, *Húspostilla – Predikanir til húslestra (yfir öll sunnu- og helgidaga-guðspjöll kirkjuársins)* s. 568

⁶¹ Sama rit, s. 569

⁶² Sama rit, s. 572

⁶³ Sama rit, s. 572-573

Syndin hefur vanhelgað samlífið og mynd heilagleikans finnst þar ekki, þess vegna til setti Guð að hún skyldi geymast í kirkjunni, til vitnisburðar yfir heiminum og til þess að hún dæmi heiminn...

Geymum heillaráðin helstu frá Helga til sóknarbarna sinna, heillaráð sem er guðfræði góð, fagnaðarerindi til að geyma í bakþankanum:

Mínir elskanlegir! Ef þið úr kirkjunni viljið flytja með yður einhverja Guðs blessun inn á yðar heimili, einhverja huggun gegn andstreymi lífsins, einhverja framför í þekkingu Guðs eða í hugarfarsins og lífarnisins betrun eftir hans mynd, þá mætið þar aldrei án viðurkenningar yðar veikleika, án sannrar og hreinhjartaðrar auðmýktar, svo þér játið það Guði og sjálfum yður.

3.3 Pétur Pétursson (1808-1891)

Hvernig skal nálgast Guð? Þetta er leiðarstef predikunar Péturs Pétursson sem er frá svipuðum tíma og predikun Helga, en þó líklega 10-20 árum nær okkur í tíma. Pétur lítur í kringum sig og bendir á fingraför Guðs, að í ljósi sköpunarverksins og allrar skikkanar þess, þá hljótum við að átta okkur á að „sú æðsta vera hefir skapað alla hluti og stjórnar þeim öllum.“⁶⁴ En hvaðan sprettur þá óþreyjan sem aldrei er ánægð með sitt? Eða óbilgirnin sem vill ekki sýna öðrum neina vægð, og hefur óbilandi trú á eigin fullkonnun?

Eins og eigingirnin truflar meira en alt annað eindrægni og bróðurlegan kærleika manna á meðal, þannig stríðir og enginn hlutur eins og hún móti því sambandi, sem að réttu lagi á að vera milli skaparans og skapaðra skepna. Að vilja nálgast Guð með hjartað fult af eigingirni og oftrausti á eigin réttlæti er hið sama og að gera sér það ómögulegt að verða Guðs náðar aðnjótandi.⁶⁵

Pétur varar sterkllega við slíkri nálgun, því augljóslega höfum við ekkert sem ekki er frá Guði komið. Og ekkert megnum við án hans. Þegar við horfum í kringum okkur á degi hverjum og allt sem við sjáum minnir á hann... „megum við þá ekki krjúpa og auðmjúkir kannast við vorn vanmátt. Beygið yður undir Guðs voldugu hönd!“⁶⁶

Hvernig nálgast maður þá Guð, verandi svona ógnarsmár? Jú, með iðrandi hjörtum. Þá mun hann nálgast þig með krafti svo þú megir betrast. Svo þú megir helgast. Sá

⁶⁴ Pétur Pétursson 1914, *Prédikanir. Ætlaðar til helgidagalestra í heimahúsum* 4. útgáfa, s. 424

⁶⁵ Sama rit, s. 425-426

⁶⁶ Sama rit, s. 426

maður hlýtur að vera blindur, eins og faríseinn, sem ekki sér eigin breyskleika og finnur ekki til synna sinna, þegar hann kemur fram fyrir heilagan Guð, segir Pétur. Samkvæmt því þarf þó sú tilfinning ekki að einskorðast við kirkjuna, heldur ætti hún að vera nálægt manningnum ekki síður í náttúrunni, þar eð Pétur leggur áherslu á sköpunarguðfræðina í kringum okkur. En hvernig ætli okkur svo aukum og lágum farnist þegar við leitum á náðir svo hátt upp hafins Guðs sem veifar völdugri hönd af himni ofan?

Og þess vegna mætti enginn syndugur maður nálgast heilagan Guð, væri hann ekki líka hinn eilífi kærleiki, faðir allrar miskunnar ... þess vegna megum vér nú svo ófullkomnir sem vér erum, nálgast Guð; því hann rekur engan frá sér, sem til hans leitar. En eins og kærleikurinn og heilagleikinn hjá Guði verða að einum kærleiksfullum og heilögum vilja, ... eins eigum vér að sameina tilfinningu vors ófullkomleika við helgunarlöngun og þannig nálgast Guð með iðrandi hjörtum.⁶⁷

Að vilja helgast, sýna auðmýkt, trú á kærleika Guðs. Í engum æðri tilgangi getur nokkur leitað Guðs hjálpar, en í bæn um að Drottinn leggi sér lið til betrunar. Þá er maðurinn vissulega að biðja um nokkuð, sem er í samræmi við vilja Guðs og má því vera viss um bænheyrslu, telur Pétur. Öll erum við syndarar, en því miður ekki öll iðrandi. Öðruvísi ætti þó enginn að koma í Drottins heilaga hús. Því annars fer sá hinn sami þaðan út aftur, í engu bættur.

3.4 Jón Bjarnason (1845-1914)

Nú ber ögn nýrra við. Hér vindur predikari sér beint í eskatalógíuna, dómsdaginn sjálfan. Þá verður öllum skipt í tvo algerlega aðskilda hópa, eða mannhópa, eins og ræðuritari kys að kalla það. Það er frelsarinn sjálfur sem heldur þennan allsherjardóm og upp frá þeirri stund munu einstaklingarnir sem tilheyra þessum ólíku flokkum, ekki framar hafa neitt saman að selda.⁶⁸ Öðrum er þá ásköpuð vist í ævarandi kvölum, hinir réttlátir lifa í eilífri sælu.

Samkvæmt Jóni er jarðlífið undirbúningstími fyrir eilífðina, hvar þú sannar fyrir Drottni hverjum þú tilheyrir. Þú elskar þar frelsara þinn og sú elska er sýnd með því að þú lætur frá þér ganga líkn til líðandi og bágstaddra bræðra er þér eru samferða. Það eiga þeir sammerkt, sem aftur á móti eru dæmdir ranglátir og brottrækir úr himnaríki, að

⁶⁷ Pétur Pétursson 1914, *Prédikanir* s. 427

⁶⁸ Jón Bjarnason 1900, *Guðspjallamál* s. 543

þetta skortir algerlega í þeirra líf. Nema hvað þeir *héldu* að þeir hefðu trúað á Drottin og tilbeðið hann, en sú guðsþjónusta er ekki tekin gild, heldur dæmd ómerk og einskisvirði, vegna þess að sjálfsefskan og hinn andlegi hroki hefur stöðugt verið allsráðandi í þeirra lífi. Sem í augum hins heilaga gerir trú þeirra að viðurstyggð.⁶⁹

Það sem einkennir hinar frelsuðu sálir, sem Jón nefnir réttilega svo, er að það er sem engin þeirra hafi minnstu hugmynd um að líf þeirra beri þann ávöxt sem raun ber vitni. Þeir veita dyggðum sínum og góðverkum enga eftirtekt. Þetta er þjónusta sem er sprottin af trúarvitund. Trúin fyrst og góðverkin svo, en ekki góðverk í þeim tilgangi að hljóta náð. Líkt og tollheimtumanninum, sem veit af engu hjá sjálfum sé nema ranglæti sínu og þar af leiðandi þörf sinni á guðlegri fyrirgefning og líkn.⁷⁰ Sem er áhugaverður samanburður, þar sem í engu er getið um almenna góðsemi eða góðverk þessa tollheimtumans í dæmisögunni. Hann iðrast einlæglega syndugs líferniss og áræðir því ekki að hefja augu sín til himins, en af framkomu hans gagnvart náunganum segir fátt.

Jón ítrekar að meginatriði kristindómsins sé að maðurinn réttlætist af trú. En hann réttlætist eingöngu af lifandi trú, en ekki dauðri. Lifandi er sú sem ber Guði velþóknanlega eilífðarávexti, dauð er sú sem heldur bókhald sjálfri sér til handa og reiknar út hvenær náðarkvótinn er fylltur. Þessu til áréttingar og í ræðu um þetta einkenni dauðrar trúar, sem er hrokinn, minnir Jón á að aðalatriðið í allri vantrú sé einmitt skorturinn á auðmýkt. Sú sjálfbirgingslega hjátrú að maðurinn sé sjálfum sér fullnógur með sitt náttúrulega hyggjuvit og því sé engum vafa undirorpið að vantrúarmaðurinn stendur í sporum faríseans.⁷¹

3.5 Jón Helgason (1866 – 1942)

Í þessari predikun, sem er að öllum líkindum frá fyrstu upphafsárum síðustu aldar, kemur Jón með svolítið skemmtilega hliðstæðu úr Gamla testamentinu. Hann vísar til 16. kafla fyrri Samúelsbókar, þegar Drottinn sendir Samúel til að smyrja einn sona Ísaí í stað Sáls, því Drottinn hafði hafnað Sál vegna óhlýðni hans. Fyrsta tilfinning Samúels er að smyrja Elíab, en þá tilkynnir Drottinn honum að hann skuli ekki horfa á líkamsburði Elíabs, því að Drottinn hafi nú þegar hafnað honum. Mennirnir líti á útlitið, en Drottinn horfi til hjartans.

⁶⁹ Jón Bjarnason 1900, *Guðspjallamál* s. 544

⁷⁰ Sama rit, s. 545

⁷¹ Sama rit, s. 550-551

Að Drottinn lítur á hjartað var eitt af þeim dýrmætu trúarsannindum sem Jesús sá, að mjög höfðu gleymst samlöndum hans, ekki aðeins að því er varðar samband þeirra sín á milli, heldur einnig og einkum að því er varðar sambandið við Guð ... slíkt hefur ávalt viljað brenna við hjá mönnum í sambandi þeirra við guðdóminn.⁷²

Í framhaldi af þessu fjallar Jón um að stöðnun og stirðnun trúar. Hvernig trú hefur umbreynt í ytri athafnir sem hafi glatað öllu raunverulegu innihaldi í tímans rás. Að því sögðu snýr hann sér að eigin samtíma og ávarpar hann. Spyr hvort að hann eða aðrir viðstaddir séu í nokkru betri en faríseinn í þessum efnum? Kirkjuferðir okkar séu í raun lítið annað en bæn faríseans, þar sem kirkjuferð almennings sé nokkurskonar „kurteisifórn“.⁷³ Þó finnst Jóni skárrí sá vani að mæta til kirkju, en sá vani að ganga aldrei í guðshús.

Nú umreiknar predikarinn tíundagreiðslu og föstuhald faríseans, yfir í kirkjurækni, hluttöku í athöfnum, bænaiðu og guðsorðalestur, sem og hinar lögbundnu borgaralegu dyggðir. Allt þetta verður einskis virði sem innlegg í debetreikning, hjartað verður að vera í öllum okkar gjörðum.

En vér gleymum þessu ekki aðeins í sambandi voru við Guð, heldur einnig í sambandi voru við mennina. Þess vegna verða dómur vorir um þá oft svo ranglátir. Af því að vér mennirnir lítum á útlitið eingöngu en getum ekkert vitað um hvað inni fyrir býr í hjartanu, skjátlást oss oft svo hrapallega í dómum vorum hvers um annan.⁷⁴

Jón minnst á nokkuð sem hann kallar „nýmælameinn“ innan kristninnar, sem komið hafa fram á síðari tímum, líka í hans umhverfi. Jóni dettur í hug að ýmsir góðir rétttrúnaðarmenn, samtímameinn hans, finni hjá sér annað slagið tilhneigingu til að þakka Guði fyrir að vera ekki eins og þeir. Þessir „nýmælameinn“ hafa sætt þungum átölum af hálfu góðra kristinna manna sem ekki vilja vamm sitt vita og óttast sjálfsagt að þeirra kristna trú bíði hnekki af öllum nýmælum. Ef hún hreinlega stendur ekki og fellur með hinum „réttu“ skoðunum, sem þessir ágætu rétttrúnaðarmenn búa auðvitað yfir.

⁷² Jón Helgason 1932, *Kristur vort líf* s. 463

⁷³ Sama rit, s. 465

⁷⁴ Sama rit, s. 467

En slíkt er byggt á misskilningi sem getur fengið ísjárverðar afleiðingar fyrir kristindómslíf sjálfra vor og hefir einatt getið af sér það er kalla mætti kærleikslausan kristindóm, sem er áreiðanlega hið ógeðslegasta fyrirbæri, þar sem um trúarefni er að ræða. *En kærleikslaus kristindómur er hin mesta sjálfsmótsögn þar sem allur kristindómur á fyrst og fremst að birtast sem kærleikur.*⁷⁵

Ræðumaður álitur að Guð á himnum einblíni ekki eins stíft á trúarskoðanir okkar, eins og almenningur vill meina. Það álit er byggt á kenningu Krists, eins og hún t.d. blasir við í guðspjallstexta dagsins. Það er því mannleg uppáfinning að flokka menn eftir skoðunum og kenningum til þess svo að stía frá kirkju og kristni.

Þar finnst honum menn ganga of langt. Játningabækur og trúarkerfi séu í sjálfu sér mikils virði, en það teljist til misbrúkar á þeim dýrmætu hjálparmeðulum, séu þau notuð til að greina sauði frá höfrum. Þegar öllu er á botninn hvolft, er það ekki Drottinn sem horfir í hjartað?

Kæru kristnu vinir. Það sem mestu varðar í sambandi voru við Guð er ekki hið ytra, heldur ræktun hjartaakursins. Á því ríður að þeim, sem fyrir utan standa, veitist skilningur á þessu, að kristindómurinn er annað og meira en samsinning trúarjátninga og kennisetninga og hluttaka í ýmsum ytri helgiathöfnum og venjum – að hann er fyrst og fremst og öðru fremur fólgin í helgun hjartans, Guði til handa, sem aftur birtist í Guði helgaðri breytni – í helgun lífarnisins.⁷⁶

3.6 Friðrik Friðriksson (1868-1961)

Í innganginum var minnst á að tvær predikanir yrðu lagðar út af öðrum texta en Lk. 18: 9-14. Þessi predikun er önnur þeirra. Frávikin eiga það sammerkt að vera lögð út af bréfi Páls til rómverja, 5. kafla, versum 1-5, sem fjalla um réttlætingu af trú.

Friðrik tengir textann umsvifalaust við Sálms 32: Sæll er sá sem afbrotin eru fyrirgefin, synd hans hulin. Sæll er sá maður sem Drottinn tilreiknar ekki synd.⁷⁷ Leiðarstef Friðriks í predikuninni er einmitt þessi sæla. Sá sæli maður sem trúir þessum orðum og trúir og tileinkar sér orð frelsarans. Sá maður er réttlættur af trú, frelsaður og friðþægður. Friðrik rekur 4 atriði Páls, viðvirkjandi þessari sælu og hvað felst í að hafa höndlað hana: (1) Slíkur maður hefur öðlast frið, Guð hefur tekið hann í sátt, gefið upp

⁷⁵ Jón Helgason 1932, *Kristur vort líf* s. 468

⁷⁶ Sama rit, s. 470-471

⁷⁷ Ath. Í 2007 útgáfunni er lokaorðið ekki „synd“ heldur „misgjörð“.

alla skuld. Maðurinn á þennan frið sem eflist og þróast ef (2) annað atriðið er varðveitt: Með trúnni höfum vér fyrir Krist aðgang til náðarinnar.⁷⁸ Með friðnum opnaði hann okkur þennan aðgang og þangað göngum við með allar okkar óskir og bænir, gleði og sorg. (3) Vonin um dýrð Guðs verður meir og meir lifandi. Því meir sem við hagnýtum friðinn við Guð og téðan aðgang að náðinni, því betur opnast augu okkar fyrir dýrð Drottins. Og þar sem sú dýrð er svo stórkostleg verða allar þrengingar léttbærar í samanburði og (4) við hrósum okkur líka af þrengingunum.

Hvílíka blessunarávexti ber oss þannig hin réttlætandi trú, siguraflið sem þegar hefir yfirunnið heiminn í oss og umhverfis oss. Þetta er raunveruleiki fyrir oss, grundvallaður á Guðs syni, sem dó vegna vorra synda og uppreis oss til réttlætningar.⁷⁹

Með trúnni á Krist á sér stað nokkur konar keðjuverkun, samkvæmt þessu yfirliti Friðriks, svo lengi sem að hinn trúaði einstaklingur nær að innstilla sig til frekari trúarþroska og friðar. Það er ekki útvíkkað frekar né útlistað.

3.7 Magnús Runólfsson (1910-1972)

Magnús skrifar sömuleiðis út frá Róm. 5:1-5. Svo virðist sem predikunin hafi verið flutt í Háþingarkirkju 12. mars 1972, síðasta æviár Magnúsar. Magnús er ákaflega feginn því að orðunum skuli ekki hafa verið snúið við á þá leið að menn hafi öðlast frið við Guð, með réttlætningu af verkum. En auðvitað er það þveröfugt; frið við Guð hafa syndugir menn eignast fyrir trúna á náð og miskunn Guðs.

Á einum stað í Gamla testamentinu standa þessi orð: „Vertu ekki of réttlátur.“ Þessi orð kunna að vekja furðu. Er nokkur hætta á að menn verði of réttlátir? Tæplega. Þó stæra sumir sig. Þó hafa sumir gengið svo langt að ætla, að helgir menn séu svo ríkir að réttlæti að þeir hafi afgang handa öðrum. Að þeir hafi gert fram yfir skylduna.⁸⁰

Magnús álitur að enginn hafi rétt til að hrósa sér af slíku því enginn geri svo vel að gera alla skylduna, hvað þá að nokkur gjöri fram yfir. Enda er slíkt ákaflega hæpið. Réttlætning er ekki eitthvað sem er troðið í poka og stendur útaf svo útdeila megi afgangi. Hér er því um tvo vegi að ræða, veg réttlætningar og veg verka. Áðurnefnd orð

⁷⁸ Friðrik Friðriksson 1947, *Nýjar hugvekjur eftir íslenska kennimenn* s. 358

⁷⁹ Sama rit, s. 358-359

⁸⁰ Magnús Runólfsson 1990, *Nokkrar prédikanir og ljóð, auk minningagreina fáeinna vina*, s. 53

úr Gamla testamentinu þýða þá mögulega „vertu ekki of hreykinn af réttlæti þínu eða breytni.“

Vegur trúarinnar er vegur þeirra sem fátækir eru í anda, segir Magnús, sbr. orð frelsarans: „Sælir eru fátækir í anda, því að þeirra er himnaríki.“ Magnús kýs að túlka þau orð svo að hinir sælu séu syndarar, því að þeirra er himnaríki. Þó auðvitað sé engin sæla að vera syndari né eftirsóknarvert, þá verði ekki framhjá því litið að það eru örlög okkar. En þegar postulinn segir „réttlættir af trú“ á hann við það, að trúin á náð og miskunn frelsarans nægir oss til inngöngu í guðsríki, að mati Magnúsar.

Ég vil orða þetta ofurlítið öðruvísi ... Fyrir Jesúm Krist höfum vér aðgang að miskunn Guðs. Þessi aðgangur að náð Guðs er oss nauðsynlegur til að eignast frið við Guð. Þetta skilst e.t.v. betur með því að snúa hlutunum við. Segjum því: Vér eigum engan aðgang að náð Guðs, af því að vér erum syndarar. Það væri hræðileg villa. Syndarar eiga einmitt aðgang til Guðs *vegna* Jesú.⁸¹

Magnús leiðir af þessu að aðgangurinn sé einmitt sú sæla sem Jesús minnst á í áðurnefndu sæluboðorði. Magnús vitnar áfram í Jesú sem brauð lífsins; „þann mun ekki hungra...“ og einnig: „Þann sem til mín kemur mun ég alls ekki burt reka.“

Áhugaverð er ítrekun Magnúsar hvað trúna varðar. Að trúa því að Guð sé til og líf eftir þetta líf, er ekki hin eina trú. Það er vissulega trú, en snýst fremur um að taka eitthvað trúanlegt, nefnir þar dæmi að eins geti maður lesið um Frakkland og trúi því að það sé til, hafandi þó ekki komið þangað. En trúin sem skiptir máli er persónuleg, trúin á Jesú Krist, hún snertir oss í innstu fylgsnum hjartans.

3.8 Sigurbjörn Einarsson (1911-2008)

Hér höfum við að nýju predikun út frá Lúkasarguðspjalli. Sigurbjörn er trúr sögunni og vill flytja hana í tíma, þ.e. hann talar um hvernig henni hafi verið tekið þá og nú. Birtingarmyndir sögupersóna þá og nú. Tveir menn, tveir heimar, tveir syndarar, annar án Guðs, hinn fyrir Guðs augliti, fallinn í hendur lifanda Guðs.⁸²

⁸¹ Magnús Runólfsson 1990, *Nokkrar prédikanir og ljóð*, s. 56

⁸² Sigurbjörn Einarsson 1956, *Meðan þín náð* s. 203

Hvernig má vera, spyr Sigurbjörn, að mikilsvirkum heiðursmanni sé hafnað af Guði? Manni sem er virtur þjóðfélagsþegn og í ofanálag, hver leggur mikið á sig til að breyta eins og hann heldur að Guði sé kærast? En á meðan hlýtur utangarðsmaðurinn náð fyrir augum Guðs? Það er nefninlega þetta með „í orði og á borði“. Maðurinn getur verið trúmaður á hinu ytra byrði og honum getur jafnvel einlæglega fundist hann vera það.:

... en sjálfsmat hans miðar alltaf þó við ríkjandi hugmyndir. Í rauninni eru það ólíkindi ein hjá Faríseanum að vera að þakka Guði, því að hann treystir sjálfum sér. Og farísei nútímans hefur oftast gert sér ljóst að hann á ágæti sitt sér einum að þakka.⁸³

Þarna liggur vandinn. Hann treystir sjálfum sér, þessi fyrirmyndarborgari. Hann er ekki syndari í eigin augum og því þarfnast hann ekki fyrirgefningar Guðs. Úr slíkum vanda og sálarháskaga getur enginn bjargað honum, nema aðeins að augu hans megi opnast fyrir því hve niðurstaða hans er röng. Það er lausnin, ekki að hans hegðun verði endilega öndvert við það sem hún er, hún er sosomeg góðra gjalda verð, en það er hjartalagið sem að baki býr. Hin raunverulega ástæða hegðunarinnar. Þar þarf breytingar við. Þá kemur sterk ráðlegging predikara til handa söfnuði:

Menn skyldu vara sig á því að gera sér ummæli Jesú munntöm án þess að leggja á sig að hugsa út í merkingu þeirra. Og þeir nútímamenn sem uppbelgdir eru af eigin nasaviti ... níða helgar, kristnar kenningar og fyrirlíta þá sem trúna vilja í Jesú nafni ... ættu að minnast þess að dæmisagan þessi er sögð við þá, sem treysta sjálfum sér og fyrirlíta aðra, þeim til viðvörunar.⁸⁴

Að þessu sögðu veltir Sigurbjörn því fyrir sér hvað hafi orðið til að tollheimtumaðurinn gekk til húss Guðs. Hann var því augljóslega ekki vanur. En eitthvað hefur gerst, eitthvað hefur gefið sig. Einhverra hluta vegna varð Musterið ekki aðeins hús sem fólk vandi komur sínar til, í augum þessa manns, heldur helgur staður. Hann stendur og getur ekki horfst í augu við Guð, lýtur höfði og biður. Þess vegna fór sá maður heim réttlættur.

Manneskjunnar gagnast ekkert að endurspeglar sig í annarra manna áliti eða bera sig saman við annað fólk. Drottinn sér og Drottinn dæmir. Þú getur engu treyst nema því að Drottinn Jesús elskar þig og lagði sjálfan sig í sölurnar þín vegna.

⁸³ Sigurbjörn Einarsson 1956, *Meðan þín náð* s. 204

⁸⁴ Sama rit, s. 207

Ef þú finnur Guðs augu hvíla á þér í raun og veru, þá ertu dæmdur, hver sem þú ert. En þá hefur Guð líka náð því taki á þér, að hann getur komið miskunn sinni fram við þig, tekið þig í sátt og samfélag við sig, hver sem þú ert jafnvel þótt þú sért ... bersyndugur. Enginn er sá að Guð geti ekki bjargað honum.⁸⁵

3.9 Bolli Gústavsson (1935-2008)

Bolli álitur að boðskapur guðspjallsins sé tæpast í samræmi við hugsunarhátt síðari hluta tuttugustu aldar, þar sem að erindinu sé ætlað að vekja fólk til auðmýktar. En nútíminn hamri í sífellu á slagorðinu „Elskaðu sjálfan þig!“ Þar fá auðmýkt, lítillæti og fórnarlund ekki háa einkunn, né marga fylgismenn.

Bolli hverfur til sögunnar. Bendir á að sjálfumgleði faríseans og stolt yfir eigin fullkunnarviðleitni, sé afsprengi uppeldis. Honum hafi verið innrætt hvað skipti máli og hegðun hans og breytni sé hrósunarefni sem ekki væri ástæða til að þaga um, enda

... hefur sjálfsánægjan fylgt mannkyni allt til þessa dags. Mönnum hefur löngum reynst auðvelt að elska sjálfa sig og sjaldan skort orð til þess að lýsa eigin ágæti.⁸⁶

Bráðskemmtilegt er þegar Bolli líkir þessari einlægu tilfinningu faríseans við tröllin, sem ekki þola sólarljósið. Á sama hátt þoldu bænrorð faríseans ekki ljós guðdómsins sem Jesús lét falla á verk hans og hugsun:

Í raunalegri skammsýni dagaði hann uppi, tilfinningar hans reyndust steinrunnar og kaldar, kærleikssnauðar og óhugnanlega sjálfhverfar. Elskaðu sjálfan þig!⁸⁷

Að lokum kemst Bolli, eðlilega, að þeirri niðurstöðu að auðmýkt tollheimtumannsins, auðmýkt af iðrandi hjarta, gerði hann móttækilegri fyrir þá blessun og náð sem heitið var þeim er ákallaði Guð. Lítillátum úthlutar Guð náð og það er sú dyggð sem er krafist svo við megum öðlast hlutdeild í náðinni. Það er kjarni þess, að mati Bolla, ef kirkjan skal vænta þess að gegna sínu hlutverki sem lifandi helgidómur, að við komum þar saman til að viðurkenna þrá okkar eftir samfélagi trúaðra og játa mistök okkar og syndir, en ekki til að metast um hégómlega hluti, eða sitja afskiptalaus.

⁸⁵ Sigurbjörn Einarsson 1956, *Meðan þín náð* s. 209

⁸⁶ Bolli Gústavsson 2007, *Lífið sækir fram* s. 93

⁸⁷ Sama rit, s. 95

3.10 Guðbjörg Jóhannesdóttir (1969 -)

Að lokum er gripið niður í predikun sem var flutt 11. ágúst 2002. Áherslan í máli Guðbjargar er á endurspeglun. Að sjá sig með augum annarra, að átta sig á eigin birtingarmynd. En fyrst og fremst að sjá það sem raunverulega er til staðar, án einföldunar.

Hvað er það sem ég sé þegar ég lít í spegilinn? Sé ég mig bara þegar að ég er sterk og geri vel, eða kem ég líka auga á vonbrigðin og mistökin? Sum okkar sjá meira að segja aðeins mistökin og vonbrigðin en ekki alla hæfileikana og sigrana.⁸⁸

Guðbjörg varpar fyrst og fremst sögunni inn í aðstæður þess er á hlýðir og gerir það með ágætum. Vekur athygli á heilbrigðri sjálfsskoðun. Horfa ekki til annarra með drambi, en gefa sjálfum sér það klapp á bakið sem hæfilegt er. Að horfa á okkur sjálf sem venjulegt fólk, sem er búið kostum og göllum. Að við erum breysk, en elskuð umfram allt. Við skulum vera þakklát fyrir það sem við höfum þegið; lífið sjálft, landið og umhverfi okkar. Þannig var tollheimtumanninum farið. Hann var meðvitaður um allt sem hann hafði þegið úr hendi Guðs og sér í mynd sinni elskandi augnaráð Guðs, þrátt fyrir allt sem maðurinn hafði gert. Sér lífið eins og það í rauninni er.

4. Syntesa

Það er skynsamlegt að rifja örsnöggt upp, hverjar mælistikurnar eru sem skal brugðið á þær útlekkingar sem nú hefur verið greint frá.

Stutta útgáfan af réttlætungarskilningi Lúthers er sú að maðurinn sé í raun óvirkur, vegna þess að réttlætunin er verk Guðs til manna. Góð verk koma af trúnni, en ekki öfugt. Aðferðafræði Luz snýst annars vegar um að útlekkingin þarf að stuðla að kærleika í raun. Og hins vegar að hún þarf að taka hina sögulegu vídd inn. Heildaráhrifum af sögu og gjörðum Jesú Krists þarf að varpa hliðstætt í sögu eða tíma þess sem á hlýðir. Luz spyr; samræmist útlekkingin lífi Jesú Krists.

Jón Vídalín er mjög á þeirri línu að Guð er strangur og skal iðrun mannsins vera daglegt brauð. Löngunin til betrunar, nýs lífs, þarf að vera heit ef iðrunin á að vera

⁸⁸ Predikun þess er fengin af tru.is. Heiti hennar er „Að sjá lífið eins og það er“ og finnst auðveldlega með því að slá upp höfundinum á tru.is, Guðbjörgu Jóhannesdóttur og velja síðan predikunina, sem er frá 2002.

raunveruleg.⁸⁹ Þetta má ljóst vera af orðum Jóns um hina guðlausu menn sem skuli iðrast af hjarta og „iðranin verði þeim svo beizk sem áður var þeim syndin skemmtileg“.⁹⁰ En þrátt fyrir þess mynd af hátt upp höfnum Guði og fjarlægum, þá fullyrðir Jón að synd mannsins geti aldrei orðið stærri en elska Guðs.

Hvernig varpast sú elska inn í líf áheyrands? Hvernig kemur Jón lífi Jesú Krists til skila svo að kirkjugestur megi taka það til sín og breyta í samræmi við það? Það er sannast sagna nokkuð örðugt að sjá. Hann tekur fram að ekki sé yfirborð og undirlag endilega það sama. Trúin þarf að búa í hjartanu svo að góð verk verði til réttilega. Og það séu allir færir um.

Forsenda þess að kirkjugestur játi synd sína, iðrist einlæglega er hin rétta trú, þ.e. ef að iðrunin skal bera tilætlaðan árangur. Ef sú forsenda er gefin, þá vissulega býr viðkomandi yfir hinni heitu trú sem á að skila góðum verkum. En hvergi hvetur Jón þó til kærleiksverka gagnvart náunganum, né vísar beint í líf Krists og gjörðir sem fyrirmynd. Áherslan liggur alfarið á iðrun, auðmýkt, höfnun á drambi og ofmetingi. Samband manns við Guð er algerlega í forgrunni. Kenningar Lúters um lögmál og fagnaðarerindi sem og kenningin um réttlætingu af trú koma kristaltærar fram og uppfyllir Jón því það skilyrði. En kröfu Luz er síður svarað.

Þetta er nokkuð áhugavert, því það rímar ekki fullkomlega við álit Sigurðar Árna Þórðarsonar, sem segir sterk stef í predikunum Jóns vera að kristilegri þjónustu sé alltaf beint að velferð þjóðfélagsins. Með því að stuðla að velferð annarra stuðlar maður að eigin velferð. Auðmýkt og kærleik skuli auðsýna Guði og náunganum.⁹¹

Segja má að Helgi Thordersen sé á svipuðum nótum, þó ekki taki hann eins afdráttarlaust til orða. Hann er augljóslega mjög á sömu línu og Jón Vídalín, þó 130 ár séu á milli fæðingarára þeirra. Krafa Helga um auðmýkt gagnvart mikilfengleika Guðs er skýlaus. Það er sú auðmýkt sem í ríki Krists er dyggðin sem til þarf, svo við megum eiga þátt í þeim náðarvelgjörðum sem okkur bjóðast í kirkjunni.⁹² En hann hamrar þó ekki á þessu, eldi og brennisteini er ekki hótáð, heldur ítrekar hann að auðmýkt lærist innan helgidómsins, en ekki í hversdeginum. Og þó svo að maðurinn sé vel gefinn að

⁸⁹ Sigurður Árni Þórðarson 2012, *Limits and Life – Meaning and Metaphors in the Religious Language of Iceland* s. 100-102

⁹⁰ Jón Vídalín, *Vídalínspostilla* s. 595

⁹¹ Sigurður Árni Þórðarson 2012, *Limits and Life* s. 96, 102

⁹² Helgi G. Thordersen 1883, *Húspostilla* s. 568

öllu leyti og gangi vel í hinu veraldlega lífi, þá finnur hann alltaf að eitthvað vantar uppá og að því getur hann gengið í helgidómnum. Af þessu má öllu sjá að Helgi er mjög lútherskur í sinni nálgun. Tónninn í hans predikun er hlýr og föðurlegur, en vörpun á lífi Krists er þó tæpt að nema, né beina kærleiksboðun í garð náungans. Upp að marki talar Helgi inn í líf viðkomandi, en sú rödd og boðun einskorðast við trúarlífið, eða það líf sem á sér stað í og kringum kirkjuferðina sjálfa. Lykillinn að því að viðkomandi megi taka einhverja Guðs blessun með sér til síns heima úr kirkjunni, er að koma aldrei til kirkju án hreinnar auðmýktar í hjarta.

Pétur Pétursson er staddur á umrótatímum í trúarlífi Íslendinga og má segja að hann sé nokkurs konar hlekkur, ellegar millistig, milli eldri hefðar sem sjást dæmi um hér að ofan og þess módelis sem var tekið upp af nýguðfræðingum; hin svokallaða frjálslynda guðfræði.⁹³ Guðfræði hans flokkast þó alls ekki undir þá frjálslyndu, fremur má telja hann fulltrúa nýréttrúnaðarins.⁹⁴ Pétur einskorðar ekki upplifun mannsins á smæð sinni fyrir Guði, við kirkjuna. Maðurinn hlýtur að finna til synna sinna og vangetu í hinu daglega amstri, þegar hann stendur sífellt andspænis og umkringdur sköpun Guðs, því allt er samkvæmt skikkan Drottins, sem er einmitt sterkt stef hjá Pétri. Allt er vilji Guðs. Hann vill að manneskjan nálgist sig með iðrandi hjarta og einlægan vilja til betrunar og þannig getur hún nálgast Guð og verið viss um bænheyrslu. Á þann veg þroskast og þróast manneskjan ögn í átt til betra lífs. Hér er vísir að tilvistarguðfræði sem leggur áherslu á að einstaklingurinn ber ábyrgð á lífi sínu, eins og Sigurður bendir á í riti sínu.⁹⁵

Lítil áhersla er lögð á réttlætninguna. Vissulega eru allir syndarar, en því miður ekki allir iðrandi syndarar, en Pétur vísir fáum beinum orðum að réttlætningunni. Þó segir hann að hver sem nálgist Guð með hjarta fullt af eigingirni og oftrausti á eigin réttlæti geri sér það ómögulegt að verða Guðs náðar aðnjótandi.⁹⁶

Jón Bjarnason er mjög eskatalógískur í nálgun sinni. Sú aðgreining, „við og þeir“, hljómar einhvern veginn ekki í anda samfélagshugsunar Krists, en ekki skal þó dvalið við slíka umræðu, enda of risavaxið. Hann er mjög á línu Páls postula, Lúters og

⁹³ Sigurður Árni Þórðarson 2012, *Limits and Life* s. 119

⁹⁴ Gunnar Kristjánsson 2000, *Kristni á Íslandi IV- Til móts við nútímann* s. 37

⁹⁵ Sigurður Árni Þórðarson 2012, *Limits and Life* s. 121

⁹⁶ Pétur Pétursson 1914, *Prédikanir* s. 425

Hallgríms⁹⁷ og ítrekar að meginatriði kristindómsins sé að maðurinn réttlætist af trú. En hann réttlætist alfarið af lifandi trú og það er trú sem ber Guði ávöxt. Hinn trúaði elskar frelsara sinn og sú elska er sýnd með því að vera náunganum Kristur. Þjónustan sú er sprottin af trúarvitund. Trúin fyrst og góðverkin svo. Hér hvetur Jón til þess að fólk lifi að fordæmi Jesú, auðsýni kærleik, en geri það vegna einlægrar lifandi trúar og elsku til síns Guðs. Einkenni hinnar dauðu trúar er hrokinn og Jón minnir á að kjarni vantrúar sé skortur á auðmýkt.⁹⁸

Jón Bjarnason andæfði frjálslyndu guðfræðinni og var því algerlega á öndverðum meiði við Jón Helgason sem lagði grunninn að þeirri stefnu og var helsti talsmaður frjálslyndrar guðfræði hér á landi.⁹⁹ Jón Helgason einblínir alfarið á Krist og samband hans við manninn og er tvennt ráðandi í hans hugsun; hið innra líf mannsins og miðlægni Krists. Guðfræði sé tilbúningur manna og í raun óþörf.¹⁰⁰

Í predikun sinni leggur hann því alla áherslu á að hjartað verði að vera með í öllum okkar gerðum og hugsunum. Fordæmir þá skammsýni að dæma eftir útlitinu, minnir fólk á að Guð sér í hjörtun, en það sé mannum ómögulegt og því skuli hann fara varlega í sakirnar í dómum sínum. Stefið Jóns er kærleikur. Kærleikslaus kristindómur er hin mesta sjálfsmótsögn þar sem allur kristindómur á fyrst og fremst að birtast sem kærleikur.¹⁰¹ Hann er annað og meira en samsinning trúarjátninga og kennisetninga og ósjálfráð þátttaka í helgisiðum. Kristindómurinn skal birtast í breytni helgaðri Guði – í helguðu líferni. Af þessum orðum er að sjá að Jón sé á slóðum Luz, en hvergi ámalgar hann réttlættinguna.

Friðrik Friðriksson er ritari annarar af tveimur predikunum sem víkja frá guðspjallstextanum. Hann leggur út af Róm. 5:1-5, eins og áður var tekið fram. Það er þekkt hverju Friðrik áorkaði í sínu starfi og hann ku hafa tekið mið af þeim vandamálum og möguleikum sem þéttbýlið hafði í för með sér í sinni boðun.¹⁰² Þessi predikun er þó algerlega miðuð að sambandi mannsins við sinn Guð, áherslan öll á hið lóðrétt samband. Við höfum aðgang að náðinni, réttlættingunni fyrir trú okkar á Krist.

⁹⁷ Sigurður Árni Þórðarson 2012, *Limits and Life* s.113

⁹⁸ Jón Bjarnason 1900, *Guðspjallamál* s. 550-551

⁹⁹ Gunnar Kristjánsson 2000, *Kristni á Íslandi IV* s. 27

¹⁰⁰ Sigurður Árni Þórðarson 2012, *Limits and Life* s. 133

¹⁰¹ Jón Helgason 1932, *Kristur vort líf* s. 467

¹⁰² Pétur Pétursson og Þórunn Valdimarsdóttir 2000, *Kristni á Íslandi IV* s. 266

Og það gerir okkur sæl, allt sem við þurfum að líða hér á jörð er léttvægt í samanburði við þá dýrð sem við eigum í vændum. Ávextirnir felast í eilífðarlífinu og því þolum við þjáningar okkar í þessu lífi. Réttlætningarkenningin hér í fullu gildi, en lítið af náunganum að segja.

Magnús Runólfsson á svo hitt frávikið, lagt út af sama texta. Hann orðar hlutina áþekkt, að fyrir trúna á Jesú Krist höfum við aðgang að miskunn Guðs, þ.e. réttlætningunni. Verkaréttlætningin sé því alls ekki við lýði. Menn skulu ekki hreykja sér af góðri breytni eða trú, því að enginn maður sé svo vel gerður að hann uppfylli alla sína skyldu og skuld, heldur getur hann aðeins reynt. Og það verður hann að gera. Magnús segir samt ekki hvernig, nema auðvitað að maðurinn skal trúa. Áhugaverðasti punkturinn er kannski sá, að trúin sem skiptir máli að hans mati, er hin persónulega trú. Að trúa því aðeins að Guð sé til, er eins og að lesa sér til um að Frakkland sé til.¹⁰³ Staðreynd, en engin lifun. Slíkt gefi ekkert af sér.

Sigurbjörn Einarsson flytur frásöguna úr Lúkasarguðspjalli yfir til okkar tíma. Ber saman það sem var og er. Tvo tíma. Þannig að hann varpar hinu sögulega inn í aðstæður þess er hlustar eða les. Hann er sterkur samfélagsrýnir, líkir fariseanum við þann sem með sjálfhygli otar sér og potar; tækifærissinna. Og vegna þess að sá er ekki syndari í eigin augum þarf hann ekki fyrirgefningar Guðs við. Slík ófremdar guðrækni getur aðeins af sér voða, enga vegsemd. Sigurbjörn bendir á að náðarboðskapnum sé komið til skila með hlutverkaskipan í sögunni, og þar búi undir hinn elskandi og alsjáandi Guð. Sigurbjörn eyðir nokkru púðri í að mæla gegn nývitringum, sem líklega eru frjálslýndir. Sigurbjörn átti í frægum deilum við Benjamín Kristjánsson um miðja síðustu öld, Benjamín verandi fulltrúi frjálslýndra. Sigurbjörn aftur á móti mjög lútherskur í nálgun sinni og í framsetningu sinni vísar mjög til þess trúararfs sem varð rótgróinn meðal Íslendinga og tekur til m.a. Vídalíns og Hallgríms.¹⁰⁴ Afstaða Sigurbjörns er sú að trúin leiðir verkin en ekki verkin trúna. Það kemur mjög skýrt fram í þessari predikun. Hann kann þá list ýmsum betur að færa hlutina í orð, án þess að hamra á eða veifa fingri ofan af stalli. Sigurbjörn bendir á hina réttu breytni, tiltekur dæmi úr nútímanum sem eru skaðleg til eftiröpunar. Ítrekar að náðin sé fengin gegnum

¹⁰³ Magnús Runólfsson 1990, *Nokkrar prédikanir og ljóð* s. 56

¹⁰⁴ Sigurjón Árni Eyjólfsson 2012, *Uppgjörð við frjálslýndu guðfræðina* s. 368

trú og að það sé aldrei of seint að finna augu Guðs hvíla á sér. Að átta sig á að þú ert dæmdur, en Guð sé þér til bjargar. Að þú getur aðeins treyst á Krist.

Bolli Gústavsson efast um að boðskapurinn nái í gegnum kröfu nútímans um að hver og einn skuli elska sjálfan sig allra mest. Í því felist lítil auðmýkt, en það sé boðskapur guðspjallsins. Predikunin er stutt og einföld. Niðurstaðan er sú að lítillátum úthlutar Guð náðinni, auðmýktin er dyggðin sem krafist er. Það má leiða líkum að því að elskan eigi þá ekki að vera innhverf, heldur úthverf. Líklegast vill predikarinn að kærleikurinn beinist að Guði, en Bolli ámalgar það þó ekki. Hvort honum skal beint að náunganum eða Guði eða hvoru tveggja. En réttlætningin er þarna til handa þeim sem auðmýkt auðsýnir.

Guðbjörg miðlar sögunni inn í líf þess er hlýðir á. Hvetur til sjálfsskoðunar, með heilbrigðum formerkjum. Ekki dæma þig of hart, en vertu raunsær. Ekki hrósa þér um of að heldur. Áttaðu þig á að þú ert breyskur, en þú ert elskaður af Kristi. Vertu meðvitaður um það sem þú þiggur úr hendi Guðs og skildu að í mynd þinni endurspeglast elskandi augnaráð Guðs. Hún miðlar kærleikanum vel og vendilega, en guðfræði réttlætningarinnar er ekki orðuð.

5. Samantekt

Við fyrstu sýn eru tvær predikanir sem ná því takmarki sem lagt er upp með. Fá grænt ljós við hverja mælistiku, ef svo má segja. Það eru predikanir Sigurbjörns Einarssonar og Jóns Bjarnasonar. Sömuleiðis má þá segja að það sé ein predikun sem nær því ekki, án vafa. Höfundur hennar er Jón Helgason. Ástæðan fyrir þeim dómi eru sú að hann víkur engan veginn að réttlætningarkeningunni í sínu máli. Þá kenningu er einfaldast að nota sem mælistiku og því auðveldast að úrskurða um hvort finnst eður ei. Þó ekki einfalt.

Elstu útlekkingarnar, þeirra Jóns Vídalín og Helga Thordersen, virðast einnig mögulega tæpast uppfylla kröfu Luz um að kærleikur skuli boðaður með þeim hætti að þær beri augljósan ávöxt. Jafnvel fellur Pétur á því prófi einnig. Eða hvað. Allir eru þeir mjög lútherskir í sinni nálgun og Lúther hefur oft verið ásakaður um að gleyma gildi kærleikans með áherslu á trúna.¹⁰⁵ Það er auðvelt að álíta um slíkt sé að ræða. En

¹⁰⁵ Sigurjón Árni Eyjólfsson 2000, *Guðfræði Marteins Lúthers* s. 425

gegn þessu má benda á staðhæfingu Lúthers að kærleikurinn verður að tengjast trúnni og lúta leiðsögn hennar, því að einungis fyrir trú komast menn til Krists.¹⁰⁶ Menn elska ekki samkvæmt skipun, heldur er kærleikurinn sprottinn úr þeim brunni sem okkur er veitt af; Kristi. Elskan frá Guði til okkar, gerir okkur kleift að elska. Það rímar fullkomlega við það sem Luz segir sjálfur, að þó engin séu dæmin um elsku manns, sé það ekki afsönnun Guðs, því að Guð er uppspretta kærleikans. Enda hefur Luz verið iðulega drjúgur að finna boðun kærleikans hvar aðrir hafa ekki komið auga á. Því til stuðnings má benda á afstöðu Luz gegn þeirri andúð sem túlkunarsagan hefur sýnt Júdasí. Í ritskýringarriti sínu um Matteusarguðspjall segir Luz, að þó að sagan hafi úthrópað Júdas og hafnað algerlega tilkalli hans til náðar, þá sé það ekki á færi mannsins né kirkjunnar að takmarka ást Guðs. Ef kenningin um náð og réttlætingu er rétt, þá eru bæði þorparinn Júdas og postulinn Pétur sams konar manneskjur frammi fyrir Guði, og þrátt fyrir að þeir hafi fallið frá Jesú, eiga þeir ekki skilið annað en viðmót ástar af hans hálfu.¹⁰⁷

Áhersla þessara manna á kærleika Guðs til okkar er því upphaf alls. Það má þá mögulega leiða líkum að því að þeir geri ráð fyrir að nægilegt sé að gefa upp boltann. Ef sóknarbarnið sýnir auðmýkt og trúir heilu hjarta, þá miðlast kærleikurinn til viðkomandi og engin ástæða til að ætla að hann staðnæmist þar, heldur hljóti elskan að halda áfram að varpast til náungans. Þetta er möguleg nálgun og má segja að þeir uppfylli mælikvarða kærleikans.

Það er fremur að of lítil áhersla sé á að tala inn í aðstæður áheyrans, þ.e. þær aðstæður sem viðkomandi býr við í þessu jarðlífi. Predikararnir tala vissulega inn í trúarlíf þeirra með gegnheilar ábendingar um rétta breytni gagnvart Guði, en láta þar við sitja.

Við sjáum gagngera breytingu á þeirri nálgun þegar nær dregur okkar dögum. Sigurbjörn er mjög áfram um að staðsetja guðspjallið mitt í lífi þess sem á hlýðir og gerir vel í því. Sú tilhneiging ágerist svo mjög með tíðaranda og að lokum í predikun Guðbjargar, er vart að gæta eiginlegrar guðfræði. Hún er mjög mannmíðlæg í sinni nálgun og hér gerir vart betur en að eimi eftir af hugsun um réttlætingu af trú, ef það.

¹⁰⁶ Sama rit, s. 419

¹⁰⁷ Ulrich Luz 2005, *Matthew 21-28. A Commentary* s. 490

Af öllu þessu má sjá að það er þó nokkur munur á nálgun prestsins á þrjú hundruð ára tímabili, þegar grannt er skoðað og má það teljast eðlilegt. Undirritaður hefur annað slagið ímyndað sér að hann sæti í kirkjubyggingu og hlýddi á þessar predikanir sem eru til umfjöllunar. Eflaust hefði hugurinn reikað undir fyrstu útlekkingunum. Vissulega er þar frábær guðfræði á ferð oft á tíðum. Mælskan mikil og eldurinn heitur. En í mjög löngu máli, með miklum endurtekningum. Tilbrigði við stef. Orðið er hamrað, en örðugt heyranda að finna til samsömunar. Hinn ásinn er sá að mögulega má líta á margar predikanir í dag sem óttalega meinlaust notalegheitamoð og skorti þar mjög á að sé grundvallað á almennilegri guðfræði.

Eftir situr, að þessi aðferð sem beitt var hefur fyllilega rétt á sér, að mínu mati. Hún hefur vissulega sína kosti og galla. Við erum ekki öllu nær um færni predikaranna, með aðeins einni stikkprufu, enda stóð það ekki til. Áherslan var á aðferðafræðina og útlekkingu af sameiginlegu stafi, réttlætingu af trú. Og niðurstaðan er eins og áður segir; Jón Bjarnason og Sigurbjörn Einarsson koma fyrstir í mark. Þeir skila af sér þeim útlekkingum sem eru sannastar, þ.e. í ljósi þess túlkunarferils sem fyrir liggur. Það er niðurstaða sem öðrum þræði kom á óvart og hins vegar hefði mátt veðja á. Við það má vel una.

Heimildir

- Árni Svanur Daníelsson. „Formálar Marteins Lúthers“ lokaritgerð. 2000.
- Bolli Gústavsson. *Lífið sækir fram*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2007.
- Byrne, Brendan. *Romans* (Sacra Pagina Series, Volume 6). Collegeville: The Liturgical Press, 1996.
- Einar Sigurbjörnsson. *Embættisgjörð, guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*. 2. útg. Reykjavík: Háskólaprent, 2012.
- Einar Sigurbjörnsson. *Kirkjan játar*. 2. útg. Reykjavík: Útgáfan Skálholt, 1991.
- Friðrik Friðriksson: „Réttlættir af trú“. *Nýjar hugvekjur eftir íslenska kennimenn*. Prestafélag Íslands annaðist útgáfu. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f., 1947.
- Guðbjörg Jóhannesdóttir. „Að sjá lífið eins og það er“. Vefslóð: <http://tru.is/postilla/2002/08/ad-sja-lifid-eins-og-thad-er>
- Guðbrandur Þorláksson. *Psalmabok Íslensk með mörgum andligum christeligum lofsaungvum og vjsum*. Prentuð á Hólum í Hjaltadal af Halldóri Frits-Syne 1751.
- Haraldur Hreinsson. „Orðræða um áhrifasögu: Rannsóknarsögulegt ágríp“, bls. 181-204 í *Mótun menningar, afmælisrit Gunnlaugs A. Jónssonar*. Kristinn Ólason, Ólafur Egilsson, Stefán Einar Stefánsson (ritstjórar). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2012.
- Biblían: Heilög ritning*. Reykjavík: JPV-útgáfa, Hið íslenska biblíufélag, 2007.
- Helgi G. Thordersen. *Prédikanir til húslestra (yfir öll sunnu- og helgidaga-guðspjöll kirkjuársins)*. Reykjavík: Forlag Kristjáns Ó. Þorgrímssonar, 1883.
- Jón Bjarnason. *Guðspjallamál*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1900.
- Jón Helgason. *Kristur vort líf*. Reykjavík: Prentsmiðjan ACTA h.f., 1932.

- Jón Þorkelsson Vídalín. *Vídalínspostilla: Hússpostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagaguðspjöll árið um kring*. Reykjavík: Mál og menning, 1995.
- Knight, Mark. „*Wirkungsgeschichte, Reception History, Reception Theory*.“ bls.137-146. *Journal for the Study of the New testament* 33, 2000
- Loftur Guttormsson (ritstj.). *Kristni á Íslandi III. Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Luther, Martin. *Three treatises*, 2. útg. endursk. Philadelphia: Fortress Press, 1970.
- Luz, Ulrich. *Matthew 21-28: A Commentary*. Minneapolis: Augsburg Fortress, 2005.
- Luz, Ulrich. *Studies in Matthew*. Cambridge: Eerdmans, 2005.
- Magnús Jónsson. *Hallgrímur Pétursson, æfi hans og starf* - II. bindi. Reykjavík: H.f. Leiftur, 1947.
- Magnús Jónsson. *Saga kristinnar kirkju*. Reykjavík:Herbertsprent, 1941.
- Magnús Runólfsson. *Nokkrar prédikanir og ljóð, auk minningagreina fáeinna vina*. Jónas Gíslason (ritstj.). Reykjavík: Bókagerðin Lilja, 1990.
- Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Reykjavík: Lögberg, 1988
- Pétur Pétursson. *Prédikanir ætlaðar til helgidaga lestra í heimahúsum*. 4. útg. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1914.
- Pétur Pétursson, Þórunn Valdimarsdóttir (ritstj.). *Kristni á Íslandi IV. Til móts við nútímann*. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Rowland, Christopher. „*Wirkungsgeschichte: Central or Peripheral to Biblical Exegesis?*“ . bls. 1-12. *Scripture Bulletin Volume XXXVI*. Dr. O’Kane, Martin (ritstj.). 2006
- Senn, Frank C. *Christian Liturgy, Catholic and Evangelical*. Minneapolis: Fortress Press, 1997.
- Sigurbjörn Einarsson. *Meðan þín náð*. Reykjavík: Bókaútgáfan Fróði, 1956.

Sigurjón Árni Eyjólfsson. *Guðfræði Marteins Lúthers*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000.

Sigurjón Árni Eyjólfsson *Kristin siðfræði í sögu og samtíð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004.

Sigurjón Árni Eyjólfsson *Ríki og kirkja*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006.

Sigurjón Árni Eyjólfsson „Uppgjörið við frjálsslyndu guðfræðina: Deila Sigurbjörns Einarssonar og Benjamíns Kristjánssonar“, bls. 281-298 í *Mótun menningar, afmælisrit Gunnlaugs A. Jónssonar*. Kristinn Ólason, Ólafur Egilsson, Stefán Einar Stefánsson (ritstjórar). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2012.

Sigurður Árni Þórðarson. *Limits and Life. Meaning and Metaphors in the Religious Language of Iceland*. New York: Peter Lang Publ. Inc. 2012.